
NESIÐ í nýju ljósi

Íbúáping á Seltjarnarnesi

Greinargerð um niðurstöður íbúáþings

Febrúar 2003

JT

alta 
www.alta.is

| | |
|---|-----------|
| ÁGRIP | 2 |
| 1. INNGANGUR | 3 |
| 2. STAÐA MÁLA | 4 |
| 3. ÍBÚAÞING; AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD | 6 |
| 3.1. Skipulagning íbúapingsins..... | 6 |
| 3.2. Íbúapingið..... | 7 |
| 3.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna | 7 |
| 4. FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SELTJARNARNES | 9 |
| 4.1. Sýn | 9 |
| 4.2. Gersemar..... | 10 |
| 4.3. Landnotkun | 11 |
| 5. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK SVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI | 13 |
| 5.1. Hrólfsskálamelur og miðbæjarkjarni - „Campus“ hugmynd..... | 13 |
| 5.2. Opin og græn svæði | 16 |
| 5.3. Umferðarmál | 18 |
| 5.4. Íþróttaaðstaða | 19 |
| 5.5. Hjúkrunarheimili / þjónusta við aldraða | 21 |
| 5.6. Menning og saga | 22 |
| 6. NIÐURSTÖÐUR Í MÁLAFLOKKUM AÐALSKIPULAGS | 23 |
| 6.1. Almenn um landnotkun | 23 |
| 6.2. Íbúða- og húsnæðismál..... | 23 |
| 6.3. Skólamál og samfélagsþjónusta..... | 24 |
| 6.4. Atvinnulíf, almenn þjónusta og verslun | 24 |
| 6.5. Útivist, íþróttir, frístundaiðja og ferðamál..... | 25 |
| 6.6. Samgöngur | 25 |
| 6.7. Veitumál | 26 |
| 6.8. Sorpförgun | 26 |
| 6.9. Náttúruvernd | 26 |
| 7. ÁFRAM VEGINN | 27 |
| 8. VIÐAUKAR | 28 |
| 8.1. Niðurstöður vinnuhópa | 28 |
| 8.2. Niðurstöður skipulagshópa | 36 |



„Margar lausnir gætu legið í að efla samstarf milli bæjaryfirvalda og íbúa.“

ÞAKKIR

Þeir Seltirningar, sem tóku þátt í þinginu „*NESIÐ í nýju ljósi*“, sem og aðrir gestir, fá þakkir fyrir sitt framlag. Forsvarsmenn Mýrarhúsa- og Valhúsaskóla og nemendur sem tóku þátt í þinginu fá þakkir fyrir gott samstarf og ferskar hugmyndir. Húsvörður og starfsfólk mötuneytis Valhúsaskóla fá bestu þakkir fyrir liðlegheit og aðstoð. Tónlistarskóli Seltjarnarness og leikskólarnir Mánabrekka og Sólbrekka fá þakkir fyrir skemmtilegan tónlistarflutning. Slysavarnadeild kvenna á Seltjarnarnesi fær þakkir fyrir að sjá um meðlæti í hádegishléi þingsins.

Starfsfólk frá Seltjarnarneskaupstað

Guðrún Hulda Björnsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðrún Sesselja Sigurðardóttir, Helga Kristín Ottósdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, M. Steinunn Bragadóttir, Margrét Sigurðardóttir, Steinunn Árnadóttir og Þórey Ploder eiga þakkir skildar fyrir sitt framlag. Margir aðrir starfsmenn bæjarins komu að undirbúningi og framkvæmd þingsins og viljum við þakka þeim öllum.

Starfsfólk frá Alta á íbúapönginu og við úrvinnslu

Árni Geirsson, Bergþóra Kristinsdóttir, Charles Champion, frá John Thompson & Partners, Elín S. Harðardóttir, Halldóra Hreggviðsdóttir, Heiða Björk Sturludóttir, Hlín Sverrisdóttir, Jóhanna B. Magnúsdóttir, Kári Eiríksson, Kristín Þorleifsdóttir, Róbert Pétursson og Sigurborg Kr. Hannesdóttir.

Skipulags- og mannvirkjanefnd Seltjarnarness

Inga Hersteinsdóttir, formaður, Ingimar Sigurðsson, Tómas Már Sigurðsson, Guðrún Helga Brynleifsdóttir og Stefán Bergmann.

Stýrihópur verkefnisins

Inga Hersteinsdóttir, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar, Tómas Már Sigurðsson og Guðrún Helga Brynleifsdóttir, skipulags- og mannvirkjanefnd og Einar Norðfjörð, byggingafulltrúi. Auk þess starfaði Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri með stýrihópnum.

ÁGRIP

Fyrir dyrum stendur endurskoðun aðalskipulags Seltjarnarness, þar sem mótuð verður framtíðarsýn fyrir bæinn til næstu áratuga. Seltjarnarnes býr við þá óvenjulegu stöðu miðað við önnur hérland sveitarfélög að byggingarland er nánast uppuríð. Vísbendingar eru um fækkun íbúa og brýnt að bænum takist að nýta vel það land sem nú er eftir og á sem hagkvæmasta hátt. Allt bendir til þess að einhver fjölgun íbúa geti átt sér stað, án þess að til þurfi að koma frekari uppbygging á grunnþjónustu bæjarfélagsins.

Bæjarstjórn Seltjarnarness efndi til íbúáþings undir yfirskriftinni „*NESIÐ í nýju ljósi*“, þann 9. nóvember 2002 og var umsjón þess í höndum ráðgjafarfyrtækisins Alta. Markmið þingsins var að kalla eftir sjónarmiðum íbúa um skipulagsmál og virkja þá við það mikilvæga verkefni að móta framtíðarsýn fyrir bæinn. Til íbúáþingsins mættu um 300 manns og er það fjölmennasta íbúáþing hér á landi til þessa.

Helstu niðurstöður þingsins voru þær að svokölluðu Vestursvæði verði áfram haldið sem einstakri útivistar- og náttúruverlu og að þar verði ekki önnur uppbygging en sú sem lýtur að útivistar- og safnamálum. Við Nesstofu verði miðstöð þessa svæðis, þar sem menning og útivist fléttist saman með áhugaverðum hætti. Lögð verði áhersla á gott stígakerfi á Nesinu, með tengingum yfir til Reykjavíkur.

Tekist hefur verið á um uppbyggingu á Hrólfskálamel en á íbúáþinginu varð til svokölluð „Campus“ hugmynd, þar sem svæðið myndi tengjast núverandi skóla- og íþróttasvæði út frá einni heildarmynd. Hugmyndin vísar til afmarkaðs svæðis með fjölpætri notkun; íbúðabyggð og þjónustu. Bílaumferð verði haldið í lágmarki og tryggðar góðar tengingar við Eiðistorg þannig að úr verði samfelld og aðlaðandi miðbæjarsvæði.

Ýmsar hugmyndir komu um nýtingu á og við Valhúsahæð, m.a. á núverandi fótboltavelli. Þessi niðurstaða markar tímamót þar sem hæðin hefur lengst af verið álitin „heilög“ í hugum Seltirninga.

Komið verði á fót hjúkrunarheimili þar sem boðið verði upp á stigskipta þjónustu og það staðsett nálægt miðsvæði. Það var niðurstaða þingsins að vinna þurfi að frekari þarfagreiningu fyrir hjúkrunarheimili, m.a. vegna áherslubreytinga sem eru að eiga sér stað í þeim málaflokki, hér á landi og víðar.

Uppi hafa verið áform um uppbyggingu gervigrasvallar á Seltjarnarnesi í fullri keppnisstærð. Á þinginu kom fram að hugsanlega sé meiri þörf fyrir fleiri og minni sparkvelli og að e.t.v. væri hagkvæmast fyrir Seltirninga að eiga samstarf við Reykjavíkurborg um keppnisvöll. Hér þarf einnig að gera þarfagreiningu, en allar aðrar ákvarðanir um framtíðarskipulag Seltjarnarness tengjast mjög ákvörðun um staðsetningu gervigrasvallar.

Þátttakendur lýstu ánægju sinni með að efnt var til íbúáþingsins og lögðu áherslu á áframhaldandi samráð við íbúa, þar sem allir legðust á eitt við að horfa fram á veginn og sjá „*NESIÐ í nýju ljósi*“.

1. INNGANGUR

Bæjaryfirvöld í Seltjarnarneskaupstað hafa ákveðið að hefja vinnu við nýtt aðalskipulag, en ekki er til gildandi aðalskipulag fyrir bæinn. Bæjarstjórn, að frumkvæði skipulags- og mannvirkjanefndar, ákvað að halda opið íbúðing af þessu tilefni. Tilgangurinn með þinginu var að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir Seltjarnarnes, með virkri þátttöku íbúa. Einnig var stefnt að því að leita leiða til sátta í nokkrum skipulagsmálum sem verið höfðu skiptar skoðanir um.

Á Seltjarnarnesi er byggingarland nánast uppurið og skiptir því miklu hvernig til tekst með þá uppbyggingu sem á eftir að verða í sveitarfélaginu. Þetta eru mjög óvenjulegar aðstæður hér á landi og er Seltjarnarnes líklega eina sveitarfélagið sem er að koma að „endimörkum“ vaxtar.

Auk þess að afla efniviðar vegna nýs aðalskipulags, vildu bæjaryfirvöld nýta íbúðingið til að fá fram sjónarmið íbúa um ýmis önnur mál, s.s.:

- Fjölskyldustefnu.
- Endurskoðun Staðardagskrár 21.
- Kynningu á menningu og sögu Seltjarnarness.
- Íþróttir og afþreyingu.
- Amenna þjónustu bæjarfélagsins.
- Nýtingu félagsheimilis.
- Nýtingu á hafnarsvæðinu og uppbyggingu þess.
- Umferðarskipulag, sérstaklega í grennd við og í kringum skóla og íþróttamiðstöð og við miðbæjarkjarnann.

Þau mál sem talið var æskilegt að fengist sátt um voru landnotkun á Hrólfsskálamel og staðsetning hjúkrunarheimilis.

Það var ráðgjafarfyrtækið Alta sem hafði umsjón með íbúðinginu fyrir Seltjarnarneskaupstað, en það hefur meðal annars sérhæft sig í ákveðinni aðferðafræði sem gefist hefur vel við samráð af þessu tagi.

Íbúðingið var haldið í Valhúsaskóla, laugardaginn 9. nóvember, undir yfirskriftinni „*NESIÐ í nýju ljósi*“ Niðurstöður voru kynntar þremur dögum síðar, þ.e. þriðjudagskvöldið 12. nóvember, í Valhúsaskóla. Til þingsins mættu um 300 manns og er það fjölmennasta íbúðing sem haldið hefur verið hér á landi til þessa.

Hér fara á eftir helstu niðurstöður íbúðingsins, en einnig er vísað á heimasíður www.seltjarnarnes.is og www.ibuathing.is.

2. STAÐA MÁLA

Seltjarnarnes er eitt af elstu sveitarfélögum landsins og náði upphaflega yfir stærsta hluta höfuðborgarsvæðisins. Landsvæðið er umlukið hafi á þrjá vegu, en bærinn á sveitarfélagamörk að Reykjavík til austurs. Svokallað Vestursvæði, ásamt eygni Gróttu er útivistar- og náttúruverndarsvæði, sem er einstakt í sinni röð á höfuðborgarsvæðinu. Seltjarnarnes varð kaupstaður árið 1974. Landsvæðið, sem kaupstaðurinn stendur á, er alls um 160-170 ha, en auk þess á bærinn afréttarland óskipt á móti Kópavogsbæ austan Reykjavíkur við Sandskeið og Bláfjöll, um 6.000 ha.

Atvinnufyrirtæki á Seltjarnarnesi eru fá. Iðnaðarhverfi er vestast í bænum við Sefgarða og Bygggarða þar sem nokkur framleiðslu- og þjónustufyrirtæki eru með starfsemi sína. Stærsti atvinnuveitandinn er Seltjarnarnesbær.¹

Íbúar á Seltjarnarnesi þann 1. desember 2002 voru 4620. Síðastliðin 5 ár hefur íbúafjöldinn verið í kringum 4600, en á síðasta ári bar svo við að íbúum fækkaði um 42. Það er meðal annars talið skýrast af því að skortur er á smærri íbúðum sem henta yngra fólki og eldri borgurum. Afleiðingin er sú að víða eru fáir íbúar í stórum húsum og því fækkar íbúum bæjarfélagsins. Þjónustustofnanir bæjarins eru ekki fullnýttar og það er því eitt af helstu hagsmunamálum Seltjarnarneskaupstaðar að leita leiða til að auka framboð íbúðarhúsnæðis. Það þarf þó að gerast innan þeirra marka sem landrými og þjónustustofnanir leyfa.

Nú stendur fyrir dyrum gerð aðalskipulags bæjarins. Skiptar skoðanir hafa verið meðal bæjarbúa um nokkur mál sem tengjast skipulagi, þ.e. ákvörðun um staðsetningu hjúkrunarheimilis, endurskipulagningu íþróttamannvirkja og nýtingu á Hrólfskálamel, þar sem nú eru verslanir og þjónusta. Á því skipulagstímabili sem er framundan verður nánast lokið við að skipuleggja allt það byggingarland sem til staðar er á Nesinu.

Hrólfskálamelur

Á Hrólfskálamel er margþætt verslun og þjónusta. Samningar um húsnæði þar munu renna út á næstu 1 – 5 árum og þar hefur verið rætt um blandaða íbúða- og þjónustubbyggð, og hluti bæjarbúa hefur viljað að hjúkrunarheimili verði staðsett þar. Efnt var til samkeppni meðal arkitekta um skipulag fyrir blandaða byggð á Melnum árið 2000. Í framhaldi af því voru lóðin og byggingaleyfi boðin út miðað við verðlaunatillöguna. Þegar í ljós kom að meiri markaður væri fyrir hreina íbúðabyggð og jafnframt að hugsanlega mætti þetta byggðina var forsendum breytt og sömu aðilum boðið að bjóða í aftur á grundvelli þéttari íbúðabyggðar. Í framhaldi af því samþykkti bæjarstjórn að ganga til samninga við þann verktaka sem hlutskarpastur var á grundvelli þeirrar tillögu. Því samningaferli var hins vegar frestað vegna neikvæðra viðbragða íbúa, þegar tillagan var kynnt í tengslum við kynningu á fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu í desember árið 2001. Bæjaryfirvöld hafa talið þann kost vænlegastan að nýta land á Hrólfskálamel undir

¹ Heimildir: Staðardagskrá 21 fyrir Seltjarnarnes og heimasíða Mýrarhúsaskóla.

Íbúðabyggð, enda er þetta eina samfellda byggingasvæðið sem eftir er í bænum. Með íbúðabyggð á Hrólfskálamel myndu tekjur bæjarfélagsins aukast, án þess þó að stækka þurfi núverandi þjónustustofnanir bæjarins umfram það sem þegar er ráðgert. Það var eitt af markmiðum Íbúðabingsins að kalla eftir sjónarmiðum íbúa um uppbyggingu á Hrólfskálamel, áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

Hjúkrunarheimili

Seltjarnarnesbær á 19 hjúkrunarrými á Eir í Grafarvogi og víðar. Í bæjarfélaginu hefur komið fram almennur áhugi á því að koma upp hjúkrunarheimili innan bæjarmarkanna. Fyrri bæjarstjórn hafði valið hjúkrunarheimili stað í norðurtúni Nesstofu en einnig hafa verið uppi hugmyndir um staðsetningu á Hrólfskálamel eins og fyrr segir. Heppileg stærð hefur verið talin á bilinu 30 – 60 rúm, en ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um stærð. Staðsetning hjúkrunarheimilis var eitt af þeim málum sem var kveikjan að því að efnt var til íbúðabingsins.

Náttúruvernd og útivist

Vestursvæði Seltjarnarness er einstakt í sinni röð. Þar fléttast saman náttúruvernd, afþreying og útivist auk þess sem þar er að finna margar merkar menningarminjar. Gróttta er friðlýst og einnig Bakkatjörn og næsta nágrenni hennar. Svæði á náttúruminjaskrá eru: Seltjarnarnesfjörur frá Bakka að Bygggördum, þar með Suðurnes, Seltjörn, Bakkagrundi og Kotagrundi auk Valhúsahæðar, sbr. kafla hér á eftir.²

Haldin var samkeppni um skipulag Vestursvæðis árið 1993. Þær hugmyndir sem þar komu fram hafa ekki náð fram að ganga þar sem ágreiningur var um uppbyggingu íbúðahúsnæðis.

Bæjarstjórn hefur talið brýnt að móta stefnu í þessum málaflokki þar sem tekið verði mið af samspili verndunar og nýtingar, með tilvísun til menningar og sögu. Einnig kom fram hjá bæjaryfirvöldum að áhugi væri á að skoða nýjar hugmyndir varðandi útivistarsvæði og leikvelli.

Valhúsahæð

Valhúsahæð er á náttúruminjaskrá sem útivistar- og útsýnisstaður í þéttbýli og Vesturhluti hennar er friðlýstur. Þar eru tveir fótboltavellir, en sú aðstaða hefur ekki verið fullnægjandi og hún því nýst verr en ella. Á hæðinni er einnig útsýnisskífa.

Gervigrasvöllur og önnur íbrótttaaðstaða

Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir upphitaðan gervigrasvöll í keppnisstærð ásamt litlum æfingavelli. Möguleg staðsetning hefur annað hvort verið talin þar sem nú er malarvöllur fyrir knattspyrnudeildina eða á Hrólfskálamel. Verið er að endurskipuleggja aðstöðu við sundlaug Seltjarnarness og þjónusturými tengd henni, meðal annars fyrir líkamsrækt. Aðstaða er nú þegar fyrir línuskauta- og brettanotkun.

² Heimild: Staðardagskrá 21 fyrir Seltjarnarnes.

3. ÍBÚÁPING; AÐFERÐ, UNDIRBÚNINGUR OG FRAMKVÆMD

Sú aðferð sem Alta beitir á íbúápingum kallast samráðsskipulag og hefur verið þróuð í tengslum við skipulagsvinnu, m.a. í Bretlandi. Alta hefur mótað þessa aðferðafræði á Íslandi í samráði við John Thompson & Partners í Bretlandi. Með samráðsskipulagi gefst öllum sem þess óska, jafnt íbúum sem og öðrum hagsmunaaðilum, tækifæri til að taka virkan þátt í mótun framtíðarsýnar fyrir viðkomandi sveitarfélag. Íbúápingið er afgerandi skref af hálfu sveitarstjórnar í þá átt að bjóða til opins samráðs við íbúa strax á fyrstu stigum skipulags og er þar gengið lengra en skipulagslög og reglugerðir kveða á um.

Íbúápingið hefst með vinnuhópum þar sem þátttakendur eru leiddir í hugarflug um vandamál, drauma og lausnir. Í framhaldi er unnið í skipulagshópum þar sem íbúar útfæra hugmyndir sínar nánar, yfir kort og loftmyndir. Hver hópur kynnir síðan sínar niðurstöður.

Samantekt Alta á niðurstöðum íbúáþingsins eru alla jafna kynntar í máli og myndum fimm dögum síðar og einnig birtar í dreifibréfi, greinargerð og á vefnum www.ibuathing.is.

3.1. Skipulagning íbúáþingsins

Þegar bæjarstjórn Seltjarnarness hafði ákveðið að halda íbúáping í samstarfi við Alta, tók Alta við umsjón með skipulagningu þess. Myndaður var stýrihópur með fulltrúum bæjarins, þeim Ingu Hersteinsdóttur, formanni skipulags- og mannvirkjanefndar, Tómasi Má Sigurðssyni og Guðrúnu H. Brynleifsdóttur, skipulags- og mannvirkjanefnd og jafnframt tók bæjarstjóri, Jónmundur Guðmarsson þátt í starfi stýrihópsins, ásamt fulltrúum Alta, þeim Sigurborgu Kr. Hannesdóttur verkefnisstjóra og Halldóru Hreggviðsdóttur. Við undirbúning íbúáþingsins var meðal annars haldinn hugarflugsfundur með bæjarfulltrúum Seltjarnarness og skipulags- og mannvirkjanefnd, ásamt sviðsstjórum og haldinn sérstakur undirbúnings- og kynningarfundur með starfsmönnum bæjarskrifstofu.

Viðfangsefni íbúáþingsins byggðu á:

- Þörfum bæjarfélagsins, samkvæmt greiningum eftir fundi með stýrihópi, skipulags- og mannvirkjanefnd, bæjarstjóra, bæjarfulltrúum og embættismönnum.
- Viðfangsefnum skv. lögum varðandi aðalskipulag og umhverfismat skipulagsáætlana.

Þingið var kynnt með margvíslegum hætti. Meðal annars voru send bréf og dagskrá í hvert hús og síðar var sent kort til áminningar. Birtar voru greinar og viðtöl í Nesfréttum og Morgunblaðinu. Settir voru upp áberandi borðar við innkomur í bæinn og daginn fyrir þingið stóðu bæjarfulltrúar fyrir framan Hagkaup á Eiðistorgi og minntu á þingið.

Send voru út boðsbréf til félagasamtaka og fyrirtækja, sem og nágrennasveitarfélaga.

Fyrir þingið var unnið með 9 ára börnum í Mýrarhúsaskóla og mættu fulltrúar þeirra til þingsins og kynntu niðurstöður sínar og teikningar.

3.2. Íbúápingið

Íbúápingið var haldið laugardaginn 9. nóvember í Valhúsaskóla og stóð frá klukkan 10 til 19. Þingið hófst með tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Seltjarnarness, undir stjórn Kára H. Einarssonar, en í framhaldi af því setti bæjarstjóri, Jónmundur Guðmarsson, þingið. Því næst flutti Inga Hersteinsdóttir, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar ávarp og skýrði markmiðin með þinginu en síðan tók Alta við umsjón þingsins. Fyrri hluta þingsins störfuðu vinnuhópar en í framhaldi af því var unnið í skipulagshópum. Viðfangsefnin voru víðtæk, m.a. miðbær og Hrólfskálamelur, Vestursvæði og staðsetning þjónustu, s.s. hjúkrunarheimilis. Margvíslegum hugmyndum var varpað fram og urðu miklar og líflegar umræður. Hóparnir, ásamt börnunum úr Mýrarhúsaskóla, kynntu niðurstöður sínar í hádeginu.

Þegar dagskráin hófst aftur skemmtu börn af leikskólunum Sólbrekku og Mánabrekku, við mjög góðar undirtektir. Því næst störfuðu þrír vinnuhópar, þ.á.m. sérstakur vinnuhópur unglunga. Á sama tíma var unnið í fimm skipulagshópum og þegar allir þessir hópar höfðu kynnt niðurstöður sínar, var aftur sest að skipulagi í tíu hópum.

Að síðustu fjölluðu þátttakendur um hver þeir teldu að ættu að vera næstu skref í því að fylgja niðurstöðum íbúáþingsins eftir.

Þinginu var síðan slitið með lokahring þar sem hver og einn þátttakandi sagði örfá orð.

Tæplega 300 íbúar Seltjarnarness tóku þátt í þinginu og er það fjölmennasta íbúáping af þessu tagi hér á landi til þessa.

3.3. Úrvinnsla og kynning niðurstaðna

Úrvinnsla sérfræðinga Alta hófst strax að þingi loknu á laugardagskvöldinu og var henni haldið áfram fram að kynningu á þriðjudagskvöldi. Við þá vinnu voru greind helstu sameiginleg skilaboð úr vinnu- og skipulagshópum.

Niðurstöður frá íbúáþinginu voru síðan kynntar í máli og myndum á þriðjudagskvöldi þann 12. nóvember, í Valhúsaskóla. Á kynninguna mættu um 120 manns.

| <p style="text-align: center;">NESIÐ í nýju ljósi</p> <p style="text-align: center;">Dagskrá íbúáþings 9. nóvember</p> | | | | |
|--|--|--|--|--|
| Kl. 10:00 | <p style="text-align: center;"><i>Lúðrasveitin blæs til leiks.</i></p> <p style="text-align: center;">Setning; Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri.</p> <p style="text-align: center;">Af hverju íbúáþing; Inga Hersteinsdóttir, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar</p> <p style="text-align: center;"><i>Kaffi á könnunni frá 09:30</i></p> | | | |
| Kl. 10:15 | Heilbriggt samfélag fyrir alla | Hver er sérstaða Seltjarnarness? | | |
| | <ul style="list-style-type: none"> - Þjónusta fyrir alla aldurshópa: skólar, leikskólar, þjónusta við aldraða. - Þátttaka í samfélaginu. - Íþróttir, tómstundir og afþreying. - Fjölskylduvænt samfélag. | <ul style="list-style-type: none"> - Aðkoma og yfirbragð byggðarinnar - Skil byggðar og náttúru. - Að komast leiðar sinnar. - Seltjarnarnes í samhengi við Reykjavík. - Tækifæri í atvinnulífi. | | |
| Kl. 11:45 | Þátttakendur kynna niðurstöður | | | |
| Kl. 12:30 | <p style="text-align: center;">Hádegishlé. Hádegismatur seldur á vægu verði.</p> <p style="text-align: center;">Leikskólabörn skemmta</p> | | | |
| Kl. 13:15 | Miðbær og þjónusta | Umhverfið og náttúran | Ínnuhópur ungmenna | Sest að skipulagi I. |
| | <ul style="list-style-type: none"> - Bæjarbragur. - Hjarta bæjarins. - Að endurhugsa miðbæinn. - Samspil þjónustu og íbúabyggðar. | <ul style="list-style-type: none"> - Opin svæði, vannýtt svæði og nýting þeirra. - Úrbætur, verndun, aðgengi. - Minjar og menning. | <ul style="list-style-type: none"> - Tómstundir og félagsmál. - Íþróttaaðstaða og útivist. - Skólarnir. - Samgöngur. | <p>Meðal viðfangsefna:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Miðbæjarsvæðið - Staðsetning þjónustu s.s. hjúkrunarheimilis - Stóra samhengið |
| Kl. 14:15 | Þátttakendur kynna niðurstöður hópa. Kaffi og meðlæti. | | | |
| Kl. 14:45 | <p style="text-align: center;">Sest að skipulagi II.</p> <p style="text-align: center;">Meðal viðfangsefna:</p> <ul style="list-style-type: none"> - Miðbæjarsvæði. - Hrólfskálamelur. - Vestursvæði. - Útivist, opin svæði og stígakerfi. - Samgöngur. - Skipulagshópur ungmenna. | | | |
| Kl. 16:30 | Þátttakendur kynna niðurstöður hópa. Kaffi og meðlæti. | | | |
| Kl. 17:15 | Næstu skref – allir þátttakendur | | | |
| Kl. 18:00 | Þingslit | | | |
| | Umræðuhópur | | | |
| | Sest að skipulagi. Skemmtileg vinna yfir kortum þar sem farið er yfir skipulag tiltekinna svæða. | | | |

4. FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SELTJARNARNES


4.1. Sýn

Skilaboð íbúðingsins "NESIÐ í nýju ljósi" voru mjög skýr að því er varðar framtíðarsýn fyrir bæjarfélagið. Almenn samstaða var um að á Vestursvæðinu verði ekki ráðist í húsbyggingar, heldur verði svæðinu haldið sem einstakri útivistar- og náttúruverlu Seltjarnarness. Þátttakendur voru þó á þeirri skoðun að það gæti verið ákjósanlegt að manngera umhverfið þar að hluta, til að bæta aðstöðu til útivistar og tómsunda eða safnastarfsemi. Þetta á þá helst við um svæðið í grennd við Nesstofu.

Á Valhúsa-hæð megi ef til vill byggja að hluta, en að öðru leyti verði hæðin skilgreind sem hluti af opnum svæðum og hún gerð aðlaðandi sem slík. Þar sem nú er fótboltavöllur á hæðinni, var skilgreint sem mögulegt svæði til uppbyggingar, annað hvort fyrir gervigrasvöll, eða til annarra nota.

Á miðbæjarsvæðinu, þ.e. á Hrólfsskálamel, byggist upp svokallaður „Campus“, þ.e. eitt samfellt svæði þar sem allt er innan seilingar, skólar, bókasafn og íþróttastaða, ásamt íbúðahúsnæði og ýmissi þjónustu.

Ekki var talið sjálfgefið að Seltjarnarnesbær hafi þörf fyrir gervigrasvöll í fullri stærð, en áform hafa verið um uppbyggingu slíks vallar. Íbúðingjið leiddi í ljós að framtíðarskipulag Seltjarnarness veltur á ákvörðun um slíkan völlum, þ.e. hvort hann verður byggður upp og þá hvar.




Lykill

Ljósgrænn: Náttúrusvæði
 Dekkri grænn: Útivistar- og tómsundasvæði
 Örvar: Útsýni
 Hjarta: Öflugur bæjarkjarni
 Appelsínugult: „Campus“
 Víða: Sögustaðir

4.2. Gersemar


Hér hefur verið merkt inn á kort það sem þátttakendur á íbúðinginu töldu vera helstu gersemar Seltjarnarness.



1. Náttúru- og útivistarsvæði
2. Söguminjar
3. Útsýni
4. Golfsvæði
5. Þjónustu- og skólakjarni
6. Vinsælt bæjarfélag með sterka ímynd


4.3. Landnotkun

Á Seltjarnarnesi ríkir sú óvenjulega staða miðað við önnur sveitarfélög hér á landi, að þar er land til uppbyggingar nánast að verða uppurið. Fyrir vikið er land á þessu svæði mjög verðmætt og mikilvægt að vel takist til um þá uppbyggingu sem verður í bænum á næstu árum.




Grænt: Náttúrusvæði
Gult: Menningar- og frístundasvæði
Punktalínur: Stígakerfi

Staðsetning fótboltavallar, þ.e. gervigrasvallar í fullri stærð, er það skipulagsmál sem helst þarf að taka á. Þegar sú ákvörðun liggur fyrir er hægt að taka allar aðrar ákvarðanir í skipulagsmálum. Þeir kostir sem nefndir voru á íbúáþinginu eru sem hér segir:




Grænt: Fótboltavöllur
Gult: Blönduð byggð

Landnotkun A



Grænt: Fótballvöllur
 Gult: Blönduð byggð
 Rautt: Litlar íbúðir fyrir aldraða / hjúkrunarheimili
 Fjólublátt: Íbúðabyggð

Landnotkun B



Gult: Blönduð byggð
 Rautt: Litlar íbúðir fyrir aldraða / hjúkrunarheimili
 Fjólublátt: Íbúðabyggð
 Grænt: Fótballvöllur færir annað, t.d. Valhúsahæð, landfylling eða samstarf við Reykjavíkurborg

Landnotkun C

Meta þarf mismunandi landnotkunarkosti m.t.t. þarfa og hagkvæmni. Hugsanlegt væri að koma gervigrasvelli fyrir þar sem malarvöllur er nú, þ.e. landnotkun A en að þar verði til lengri tíma litið stefnt að uppbyggingu íbúðabyggðar og íbúðum fyrir aldraða og/eða hjúkrunarheimili, þ.e. Landnotkun C.

5. NIÐURSTÖÐUR UM EINSTÖK SVÆÐI OG VIÐFANGSEFNI

Hér fara á eftir helstu niðurstöður um einstök svæði og þau viðfangsefni sem voru til umfjöllunar á íbúáþinginu.

5.1. Hrólfsskálamelur og miðbæjarkjarni - „Campus“ hugmynd


Á Íbúáþinginu kom greinilega fram að það er tekist á um það litla byggingarland sem eftir er á Seltjarnarnesi. Það á ekki síst við um Hrólfsskálamel og reyndust óskir þátttakenda um hvað þar á að byggja upp, nánast ótæmandi.




„Byggja á Hrólfsskálamel í samræmi við óskir íbúanna“.

Sú hugmynd sem lagt er til að verði útfærð nánar, nýtir þá sérstöðu sem þegar er á svæðinu. Þar eru grunnskólar, tónlistarskóli, bókasafn, íþróttahús, sundlaug, heilsugæslustöð og félagsheimili, í einum kjarna og allt í göngufæri. Þetta er tvímælaust styrkur Seltjarnarness sem fjölskylduvæns sveitarfélags. Lagt er til að sú uppbygging, sem verður á Hrólfsskálamel á næstu árum, verði útvíkkun á þessum kjarna. Hugmyndin hlaut nafnið „Campus“, sem komið er úr latínu og getur þýtt melur, en vísar gjarnan til afmarkaðra svæða, t.d. skólasvæða og fyrirtækjakjarna. Á svæðinu er gert ráð fyrir að bætist aðallega við frekari opinber þjónusta og íbúðahúsnæði.


Þjónustu- og skólakjarninn var einmitt meðal þess sem þátttakendur töldu vera styrk Seltjarnarness sem fjölskylduvæns sveitarfélags.





Skipting milli núverandi skólakjarna og miðbæjarkjarna.




Innan kjarnans eru góð göngutengsl.



Bílhafnir á þremur stöðum, til að keyra börn í skóla, en aðaláhersla á gangandi umferð innan kjarnans.



Skipulag miðist við að skapa skjól og mannvænt umhverfi í opnum rýmum.



Mikilvægt að tryggja heildarmynd og góðar tengingar á miðbæjarsvæðinu

1. „Campus“; skólar, íþróttir, heilsugæsla, tónlistarskóli, bókasafn, önnur tengd þjónusta og íbúðir.
2. Stjórnsýsla. Hugsanlegt að núverandi leikskóli verði í framtíðinni fluttur og lóðin notuð fyrir annað.
3. Eiðistorg; verslun, önnur þjónusta, íbúðir, skrifstofur.
4. Íbúðir.

5.2. Opin og græn svæði

Ljóst er af umræðum og niðurstöðum á íbúáþinginu að Vestursvæðið á sérstakan sess í hugum Seltirninga. Engar hugmyndir komu fram um að nýta þetta landsvæði til uppbyggingar. Á hinn bóginn töldu þátttakendur að vel mætti manngera hluta svæðisins til að bæta enn frekar aðstöðu til útivistar. Það á sérstaklega við um svæðið næst Nesstofu.

Varðandi Gróttu voru viðraðar ýmsar hugmyndir, m.a. töldu ýmsir að fjarlægja eigi gamla rafmagnsstaura sem liggja út í eyra og aðrir veltu upp þeim möguleika að byggð yrði brú milli lands og eyjar.

Fram kom að svæðið í kringum Bakkatjörn, er mikilvægasta svæðið með tilliti til náttúru og fuglalífs, enda friðað. Svæðið norðan við það og að Gróttu, nýtist illa eins og er. Þar voru uppi hugmyndir um að leggja mætti stíga og tengja þannig Nesstofu og Gróttu annars vegar og göngustígnum meðfram ströndinni hins vegar.


Við Nesstofu mætti manngera umhverfið frekar og skipuleggja það svæði sem „miðstöð“ fyrir útivist og menningu á Seltjarnarnesi. Lögð var áhersla á að vernda fornminjar á svæðinu og var þar nefnt m.a. bygggarðar, manir og að endurrækta lyfjagarð. Viðraðar voru hugmyndir um 3ja holu æfingasvæði fyrir golf við Nesstofu og lagt til að hún yrði betur tengd Suðurströndinni með göngustíg. Almennt voru þátttakendur sammála um að bæta þurfi umhverfi og aðkomu að Nesstofu, þ.m.t. gömlu útihúsin.

Almenn ánægja kom fram með þá uppbyggingu sem verið hefur á svæðinu, s.s. manir, skjólgarða, sjógarða og endurbyggingu gamals fiskhjalls og fisktrönur við Gróttu.

Við golfvöllinn þarf að huga betur að bílastæði og upplýsingagjöf til vegfarenda og það er galli að göngustígar og golfvöllur rekast á, á Suðurnesinu.

Flestir vildu sjá meira líf við smábátahöfnina og í mörgum hópum komu fram hugmyndir um að sú græna tenging sem nú þegar er til staðar frá Austurströnd að Bakkavör í gegnum almenningsgarðinn, verði látin halda sér og bætt enn frekar. Þá var nefnt að vernda þurfi klappir á þessu svæði.

Ýmsar hugmyndir komu fram varðandi Valhúsaheð og snerust þær ýmist um að bæta fótboltaaðstöðuna eða að færa hæðina í upprunalegt horf. Einnig sáu ýmsir möguleika á að koma upp sérstöku svæði fyrir börn í sunnanverðri hæðinni, t.d. með villigróðri eða að gera þar „ævintýraleikvöll“. Það kom skýrt fram að litið er á svæðið þar sem nú er fótboltavöllur, sem mögulegt uppbyggingarsvæði, annað hvort fyrir upphitaðan gervigrasvöll, eða aðra starfsemi sem gæti átt við á þessum stað. Til skamms tíma hefur verið litið svo á meðal Seltirninga að Valhúsaheð væri „heilög“ og því kveður þarna við nýjan tón í umræðu um skipulagsmál á Seltjarnarnesi.



Dekkri grænn: Manngert umhverfi, þ.m.t. fyrir frístundaiðju

Ljósari grænn: Náttúru-, sögusvæði

Rauður: Hönnuð / skipulögð opin svæði, s.s. leikvellir, sparkvellir. Lóðir sem ekki hefur verið byggt á. Almenningsgarðar o.s.frv.

5.3. Umferðarmál

Varðandi umferðarvandamál á Seltjarnarnesi, voru þrír staðir sem bar oftast á góma. Fram kom að gatnamót Nesvegjar og Suðurstrandar bera illa þá miklu umferð sem þar er á annatímum. Þarna er önnur af tveimur aðkomum á Nesið og oft talsverð umferð, m.a. vegna þeirrar þjónustu sem er í nágrenninu og er mikið sótt af fleirum en Seltirningum. Það sem oftast var stungið upp á til úrbóta var að setja götuna í stökk. Sú lausn er hins vegar mjög kostnaðarsöm og óvíst að hún henti á þessum stað og því æskilegt að leita annarra leiða.

Fyrir íbúapíngið hafði borist undirskriftarlisti með nöfnum 30 íbúa við Lindarbraut, þar sem kvartað var yfir mikilli og hraðri umferð um götuna. Lagt var til að lögð yrði ný gata út fyrir Nesstofu eða óskað eftir öðrum raunhæfum úrræðum. Þær aðgerðir sem ræddar voru á íbúapínginu snerust fyrst og fremst um götuþrengingar, hraðahindranir eða jafnvel að gera götuna að svokallaðri „vistgötu“. Ekki var samkomulag um lokun götunnar eða lagningu nýrrar. Mikilvægt er að eiga samráð við íbúa Lindarbrautar um aðgerðir til úrbóta.

Aðkoma að skólum brann talsvert á þeim sem sóttu þíngið, jafnt ungum sem öldnum. Börnin í Mýrarhúsaskóla töluðu um að það væri „algjört kaos við skólann“ og krakkarnir í Valhúsaskóla kvörtuðu undan því að körfuboltavöllurinn þeirra væri notaður sem bílastæði. Ljóst er að þarna er brýnt að bæta úr. Í hugmyndum um „Campus“, er lagt til að komið verði upp þremur „bílhöfnum“ þar sem gert er ráð fyrir að hægt verði að stoppa án þess að leggja bíl á stæði og börnin fari úr bílunum. Innan kjarnans verði góðar göngutengingar og þar verði lögð áhersla á öryggi barna og annarra vegfarenda. Sjá kafla 5.1. hér á undan.

5.4. Íþróttaaðstaða

Talsverðar umræður voru á íbúðinginu um íþróttaaðstöðu á Seltjarnarnesi. Golfáhugamenn vilja gjarnan stærri völl og/eða betri aðstöðu og voru m.a. viðraðar hugmyndir um æfingavöll fyrir unglinga við Nesstofu. Kallað var eftir endurbótum á sundlaug, sem reyndar eru nú þegar í undirbúningi. Talsverð umræða varð um gervigrasvöll og staðsetningu hans. Sú umræða fór að mestu fram í skipulagshópi sem fjallaði sérstaklega um íþróttaaðstöðu, en einnig bar fótboltavöll og –velli á góma í fleiri skipulags- og vinnuhópum. Flestir voru sammála um að bæta þurfi aðstöðu til fótboltaíðkunar og komu fram margar óskir um að slíkur völlur væri staðsettur sem næst skóla eða íþróttamiðstöð. Ekki var eining um hvort þessi þörf væri fyrst og fremst fyrir minni sparkvöll eða –velli, eða hvort raunverulega væri þörf fyrir fótboltavöll af fullri stærð. Fyrir slíkan völl þarf mjög mikið landrými, en land á Seltjarnarnesi er takmarkað og því mjög verðmætt. Völlurinn gæti kostað á bilinu 100 til 150 milljónir króna og er afskrifaður eins og aðrar fasteignir á 50 árum, þ.e. um 2% á ári. Hins vegar má búast við því að hluta vallarins, þ.e. yfirlagið, verði að endurnýja á 10 ára fresti, þ.e. fimm sínum á líftíma vallarins. Sá kostnaður leggst því við rekstrar- / viðhalds- og/eða fórnarkostnað hans.

Þeir staðir sem oftast voru nefndir fyrir vallarsvæði eru jafnframt þeir staðir sem oftast voru nefndir fyrir aðra uppbyggingu. Ýmsir töldu þó að það gæti verið kostur í stöðunni að huga að landfyllingu fyrir fótboltavöll, eða eiga samstarf við Reykjavík um völl af fullri stærð.

Úrvinnsla úr niðurstöðum íbúðingsins sýnir að nauðsynlegt er að gera nákvæma þarfagreiningu og hagkvæmniathugun sem taki bæði mið af þörfum skóla og íþróttafélags. Í framhaldi af því verði tekin ákvörðun sem taki tillit til hagrænna sem og félagslegra þátta. Þá er jafnframt vert að hafa í huga að ákvörðun um landnotkun getur breyst með tímanum, þannig að þó svo að komið verði upp gervigrasvelli nú, útilokar það ekki að hægt verði að byggja t.d. íbúðabyggð á því svæði síðar.

Íbúðingjið hefur leitt í ljós þá niðurstöðu að ákvörðun um hvort og þá hvar koma skuli upp gervigrasvelli, er lykilatriði í ákvörðun um landnotkun á Nesinu. Fyrir en sú ákvörðun liggur fyrir er ekki hægt að taka aðrar ákvarðanir um frekari uppbyggingu á Seltjarnarnesi.



Dekkri grænn: Svæði sem oftast voru nefnd sem staðsetning fyrir völl.

Ljósari grænn: Aðrar hugmyndir um staðsetningu.

1. Hrólfskálamelur
2. Við Suðurströnd
3. Valhúsaþæð
4. Landfyllingar
5. Vesturströnd
6. Samvinna við Reykjavík

5.5. Hjúkrunarheimili / þjónusta við aldraða

Um nokkurt skeið hafa Seltirningar verið býsna sammála um að þörf sé á að koma upp hjúkrunarheimili í bæjarfélaginu. Hins vegar hefur ekki verið eining um staðsetningu, né heldur hefur verið mörkuð endanleg stefna um stærð, en hagkvæmasta rekstrareiningin er stærri en þörf er fyrir innan sveitarfélagsins. Á íbúðinginu endurspegluðust þessi sjónarmið, m.a. í þeim tveimur skipulagshópum sem fjölluðu um staðsetningu hjúkrunarheimilis. Sjá í viðauka 8.2.3. og 8.2.11.

Megin niðurstaðan varð sú að æskilegt sé að þjónusta við aldraða taki mið af ólíkum þörfum einstaklinga og að fólk geti verið heima sem lengst. Þegar farið var að horfa á þennan málaflokk í heild sinni kom á daginn að blönduð þjónusta væri heppilegust, þar sem á sama svæði væri þjónusta af mismunandi stigum. Þannig sé ákjósanlegt að koma upp einhvers konar þjónustukjarna, þar sem hægt er að tvinna saman mismunandi þjónustustig, þ.e.:

Fyrsta stig eru „þjónustuíbúðir“. Það eru íbúðir sem eru 50-80 m² að stærð í einkaeign eða leiguíbúðir, með húsverði og öryggisþjónustu. Þær séu í nánd við þjónustumiðstöð aldraðra þar sem seldur er matur og hægt að komast í föndur, leikfimi, hársnyrtingu, tómstundastarf og annað slíkt. Einnig í námunda við miðsvæði, svo sem heilsugæslu, bókasafn og sundlaug.

Næsta stig er „dvalarheimili“ með stórum herbergjum, snyrtingu og eldhúskróki 25-30 m². Þar geti íbúar verið í fullu fæði og hafi aðstöðu til tómsunda og annarrar þjónustu, sbr. þá þjónustu sem boðið er uppá í nálægð við þjónustuíbúðir. Á dvalarheimilinu verði einnig aðstaða fyrir einstaklinga sem þurfa skammtí mavistun, t.d. vegna veikinda og geta síðan farið heim aftur.

Þriðja stigið er „hjúkrunarheimili“ fyrir þá sem þurfa aðstoð allan sólarhringinn.

Þessar hugmyndir eru í samræmi við þá þróun sem nú á sér stað í þjónustu við aldraða, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Hins vegar þarf að huga að hagkvæmni, bæði hvað varðar uppbyggingu og rekstur, þannig að Seltjarnarnesbær reisi sér ekki hurðarás um öxl í þessum málaflokki.

Varðandi staðsetningu, voru það skýr skilaboð á íbúðinginu að slík öldrunarþjónusta þyrfti helst að vera á, eða sem næst miðsvæði. Þeir staðir sem oftast voru nefndir voru Hrólfskálamelur, við Suðurströnd, við eða á Valhúsahæð og við kirkju. Einnig var varpað fram þeirri hugmynd að byggja mætti litlar íbúðir fyrir aldraða þar sem nú er bílastæði við Eiðistorg og yrði því þá komið fyrir neðanjarðar.

Áður en lengra er haldið þarf að vinna frekari þarfagreiningu með þessar niðurstöður íbúðingsins að leiðarljósi.



Möguleg staðsetning hjúkrunarheimilis

1. Hrólfsskálamelur
2. Við Suðurströnd
3. Valhúsahæð
4. Við kirkju (tvær mögulegar staðsetningar)
5. Við Nesstofu (Ath. utan korts)

5.6. Menning og saga

Af umræðum í vinnuhópum og skipulagshópum er ljóst að Seltirningar telja ýmsa möguleika felast í því að gera meira úr náttúru og sögu svæðisins og tengja þá gjarnan þeim útivistamöguleikum sem þegar eru á Nesinu og frekari uppbyggingu á þeim. Meðal annars var nefndur sá möguleiki að útbúa fræðsluefni, allt frá litlum bæklingi upp í lifandi safn.

Þungamiðja fyrir fræðslu og upplýsingagjöf er að mati þátttakenda tvímælalaust best staðsett í Nesstofu. Lyfjasafn, lækningasafn og lyfjagarður er hluti af framtíðarsýninni, en þar yrði einnig miðstöð fræðslu um útræði og sjósókn Seltirninga, seinni tíma sögu, s.s stríðsminjar og um náttúruna, ásamt veitingasölu. Þarna væri þá komin myndarleg og áhugaverð menningarmiðstöð. Sjá einnig í kafla 8.2.15 í viðauka.

6. NIÐURSTÖÐUR Í MÁLAFLOKKUM AÐALSKIPULAGS

Hér á eftir eru tekin saman þau atriði sem helst komu fram á íbúðinginu "NESIÐ í nýju ljósi" um þá málaflokka sem samkvæmt lögum ber að taka fyrir í aðalskipulagi.

6.1. Almennt um landnotkun

Á þinginu komu fram nokkuð skýrar línur um landnotkun og þrátt fyrir að Seltjarnarnes sé nú landlítið sveitarfélag, var eining um að Vestursvæðið skyldi áfram vera óbyggt. Hins vegar er óhætt að segja að Valhúsahæð sé ekki lengur eins „heilög“ í hugum Seltirninga og hún hefur verið til þessa, enda er þegar búið að byggja inn á hana að hluta.

- Halda vestursvæði Seltjarnarness óbyggðu.
- Virðist grundvöllur fyrir því að leyfa einhverja uppbyggingu á Valhúsahæð, en spurning hversu mikla. Mætti e.t.v. nýta fyrir gervigrasvöll. Öll uppbygging á hæðinni þarf að falla vel að umhverfinu og þeim sess sem hæðin skipar í hugum Seltirninga.
- Skiptar skoðanir um landfyllingar, en ekki útilokaðar.

6.2. Íbúða- og húsnæðismál

Mörgum Seltirningum þykir það miður hversu lítið framboð er af minni íbúðum, sem henta ungu fólki eða eldra fólki sem er að minnka við sig húsnæði. Þetta er að öllum líkindum ein af skýringunum á því hvers vegna íbúum Seltjarnarness fækkar um þessar mundir. Aukið framboð af minni íbúðum er því lykilatriði fyrir frekari uppbyggingu bæjarins og til að tryggja fjárhagslega stöðu hans til lengri tíma.

- Skortur á litlum 2ja-3ja herbergja íbúðum fyrir ungt fólk og aldraða.
- Hrólfskálamelur: Þar verði aðlaðandi íbúða- og þjónustubyggð sem sómi sér vel sem kennileiti fyrir bæinn.

6.3. Skólamál og samfélagsþjónusta

Kallað var eftir heildarstefnumótun í málefnum leik- og grunnskóla. Að öðru leyti snerust athugasemdir og hugmyndir um skólamál flestar um aðbúnað og aðstöðu í skólunum og umhverfi þeirra. Lítið var fjallað um innra starf, sem bendir til þess að um það ríki sátt og ánægja. Óskað var eftir betri tengingu milli skólustarfs og tómstunda barna og bættri aðstöðu fyrir ungt fólk. Aðrar stofnanir bæjarins sem bar á góma voru tónlistarskóli, bókasafn og félagsheimili og kallað var eftir betri þjónustu við aldraða, sérstaklega hjúkrunarheimili.

- Skólalóð við Mýrarhúsaskóla þarf að bæta; stækka og fegra.
- Skólalóð við Valhúsaskóla þarf að bæta; loka körfuboltavellinum fyrir bílaumferð.
- Bæta mataraðstöðu skólabarna og fylgja þar eftir markmiðum mannelisráðs.
- Bæta aðkomu bíla að skólunum.
- Nýta félagsheimili betur fyrir starf ungra sem aldraða.
- Vantar aðstöðu fyrir ungmenni.
- Aldraðir: Vantar hjúkrunarheimili eða þjónustuíbúðir og bætt heimapjónstu.
- Stækka og auka þjónustu bókasafnsins.
- Stækka og bæta tónlistarskólann.
- Óskað eftir heildarstefnumótun fyrir leik- og grunnskóla.

6.4. Atvinnulíf, almenn þjónusta og verslun

Í atvinnulegu tilliti virkar Seltjarnarnes í reynd sem úthverfi frá Reykjavík. Megin umræðan um atvinnumál snerist um verslun og þjónustu og tengdist helst Eiðistorgi og Hrólfskálamel. Önnur atvinnumál voru ekki í forgrunni og virðast ýmsir gera ráð fyrir því að til lengri tíma litið muni núverandi iðnaðarsvæði þróast í íbúðasvæði. Helstu hugmyndir um ný atvinnutækifæri tengdust notkun heita vatnsins, eða að nýta sögu og menningu sem aðdráttarafl, en þá helst í tengslum við útvist og afþreyingu.

- Þjónusta er fábreytt á Seltjarnarnesi og Eiðistorg er óaðlaðandi og óhentugt sem miðbæjartorg.
- Eiðistorg verði stækkað og endurhannað að einhverju leiti til að glæða það lífi og aðkoma bíla og umhverfi verði lagfært. Þangað verði flutt þjónusta sem getur skapað iðandi mannlíf s.s. netkaffihús, veitingahús, bókasafn, heilsugæsla, stjórnsýsla, vinnustofur handverks- og listamanna, bakarí, fiskbúð o.s.frv.
- Vantar kaffihús og aðlaðandi vettvang fyrir mannlíf á Seltjarnarnesi.
- Vantar fleiri atvinnutækifæri á Nesið. Styðja við atvinnurekstur sem ekki krefst rýmis og kallar ekki á mikla umferð.
- Heilsunuddstöð vegna gæða heita vatnsins.
- Snyrta þarf iðnaðarsvæði vestast á nesinu.

6.5. Útivist, íþróttir, frístundaiðja og ferðamál

Þátttakendur á íbúáþinginu voru sammála um að styrkur Seltjarnarness sem útivistarperlu á höfuðborgarsvæðinu, tengist fyrst og fremst Vestursvæðinu og Gróttu, auk góðs göngustígakerfis. Skilaboðin voru þau að haldið skuli áfram á sömu braut, bæta aðstöðuna enn frekar og tengja þeirri auðlind sem er að finna í menningu og sögu Nessins. Sjá einnig kafla 5.4. um íþróttaaðstöðu og kafla 5.2. um opin og græn svæði.

- Vestursvæði verði haldið sem mest óbreyttu en aðstaða til útivistar þar verði bætt og umhverfi Nesstofu fegrað.
- Bæta aðgengi að opnum grænum svæðum.
- Aukin trjárækt á opnum svæðum til skjólmyndunar og fegrunar umhverfis.
- Göngustígakerfi verði bætt; stígum fjölgað, m.a. gerðir göngustígar meðfram sjónum hringinn í kringum Nesið. Stígar verði merktir og upplýstir og tengdir við Reykjavík. Aðstaða verði bætt, s.s. bekkir og ruslafötur.
- Bæta útivistarmöguleika með því að flétta saman útivistarsvæði og fræðslu um sögu, menningu og náttúru og skapa aðstöðu eða áningarstaði með kaffiveitingum s.s. við Gróttu.
- Sundlaugin verði stækkuð og þjónustan aukin; fleiri heitir pottar, innilaug og leiktæki fyrir börn s.s. vatnsrennibraut.

6.6. Samgöngur

Samkvæmt því sem fram kom á íbúáþinginu, eru flöskuhálsar á nokkrum gatnamótum á Seltjarnarnesi á annatímum. Umferðarörtröð við skóla er vandamál sem þarf að leita lausna á og hið sama á við um mikla og hraða umferð um Lindarbraut. Sjá einnig í kafla 5.3.

Akandi

- Leysa þarf umferðarmál við skólana; örtröð bíla á morgnana skapar slyshættu og loftmengun.
- Koma þarf í veg fyrir hraðakstur á helstu akbrautum s.s. Nesvegi, Lindarbraut, Suðurströnd og Norðurströnd.
- Draga þarf úr umferðarþunga að og frá Nesinu, sem kemur sérstaklega fram á álagstímum. Þetta mætti gera t.d. með tvöföldun aðreina á Eiðisgranda, með undirgöngum milli Hrólfsskálamels og Eiðistorgs og með því að setja Nesveg í stökk.
- Fjölga þarf bílastæðum fyrir kirkjugesti. Bílastæði við Eiðistorg eru notuð sem umferðaræð.
- Fjölga þarf umferðarljósum, m.a. með gönguljósum við skóla, íþróttahús og strætisvagnleiðir.
- Bæta þar almenningssamgöngur með fleiri leiðum og tíðari ferðum, t.d. fari leið 6 Neshringinn.

Gangandi

- Bæta þarf öryggi gangandi vegfarenda við Suður- og Norðurströnd, Lindarbraut og Nesveg t.d. með umferðarljósum, göngubrúum eða undirgöngum.
- Koma mætti upp undirgöngum til að tengja skóla og þjónustu.

6.7. Veitumál

Ekki var mikið komið inn á veitumál á íbúáþinginu, en nokkrar athugasemdir komu, bæði um heitt og kalt vatn og fráveitur.

- Vatnsleiðslur og dælur. Ekki nægilega hreint ómengað vatn.
- Grafa þarf skólpadælur niður.
- Draumur: Hitaveita án 100 þúsund króna útgjalda vegna forhitara á 5-10 ára fresti.
- Draumur: Að heita vatnið sé heitt.

6.8. Sorpförgun

Lítillga var rætt um sorpmál á þinginu og kom fram að hluti af íbúum vilja að hvatt verði til frekari flokkunar en nú er boðið upp á. Seltjarnarneskaupstaður á aðild að Sorpu bs og því háður stefnumörkun þess um sorpförgun. Sorphirða og þ.m.t. grenndargámar eru hins vegar í höndum bæjarins. Fram kom áhugi á að hvatt yrði til jarðgerðar á lífrænum úrgangi.

- Vantar sorpflokkunargáma í hverfin og betri upplýsingar um sorpflokkun.
- Auðvelda fólki jarðgerð með upplýsingum og niðurgreiddum jarðgerðartunnum.

6.9. Náttúruvernd

Þær umræður sem áttu sér stað á íbúáþinginu um náttúruvernd snerust að mestu leyti um Vestursvæðið og undirstrikað að það er eitt af því mikilvægasta sem skapar Seltjarnarnesi sérstöðu. Almennt var vilji til þess að á svæðinu muni ekki eiga sér stað frekari uppbygging, nema helst til að bæta aðstöðu til útivistar og halda á lofti, náttúru, sögu og menningu Seltjarnarness. Raddir um frekari friðun voru ekki háværar og virðast Seltirningar treysta því að sú eining sem nú ríkir um verðmæti þessa svæðis verði virt. Hins vegar voru margir sem töldu æskilegt að umhverfi í nágrenni Nesstofu yrði manngert frekar. Sátt virðist vera um þann hluta Valhúsahæðar sem er friðaður, en umfram það komu ekki fram kröfur um frekari friðun hennar, heldur þvert á móti var ekki útilokað að þar mætti byggja upp að hluta. Sjá nánar í kafla 5.2. hér á undan.

- Bæta þarf upplýsingar til íbúa um opin svæði og náttúru á Nesinu.
- Halda á í opin svæði og gera þau aðgengileg.
- Gera mætti út á sérstöðu Seltjarnarness og leggja áherslu á verndun opinna svæða, fjöru og fuglalífs.
- Komið verði upp náttúrugripasafni með áherslu á tengsl sjávar og náttúru á Nesinu.
- Hugað verði að varðveislu náttúrulegrar fjöru þar sem hana er enn að finna.

7. ÁFRAM VEGINN

Á íbúaþinginu „*NESIÐ í nýju ljósi*“ mátti merkja almenna ánægju þátttakenda með að fá tækifæri til að taka svo virkan þátt í mótun bæjarfélagsins. Með þinginu steig bæjarstjórn Seltjarnarness það mikilvæga skref að bjóða til opnara samráðs um framtíðarskipulag bæjarins en venja er til hér á landi. Þingið var mjög árangursríkt og skilaði miklum afrakstri sem mikilvægt er að fylgja vel eftir. Áhugi íbúa hefur verið vakinn og lýstu margir sig reiðubúna til að taka áfram virkan þátt í skipulagsferlinu.

Margar og mikilvægar niðurstöður fengust varðandi landnotkun og verða þær hafðar að leiðarljósi við gerð aðalskipulags. Sú vinna mun hefjast á næstunni og er þar fylgt því formlega ferli sem krafist er samkvæmt skipulags- og byggingalögum.

Einnig komu fram hugmyndir á íbúaþinginu um ýmis umbótaverkefni, önnur en þau sem tengjast aðalskipulagsvinnunni og hefur Alta skilað bæjaryfirvöldum samantekt yfir þau. Í framhaldi af íbúaþinginu er mikilvægt að:

- Gerð nýs aðalskipulags hefjist hið fyrsta og að þar verði lögð áhersla á heildarmynd bæjarfélagsins.
- Meta hversu mikið íbúum Seltjarnarnesbæjar má fjölga án þess að þurfi aukna uppbyggingu í þjónustukerfum bæjarins. Stefnt verði að hámarks hagkvæmni í landnýtingu og jafnframt að haldið verði því háa þjónustustigi sem nú er í bæjarfélaginu.
- Vinna hefjist við frekari útfærslu á skipulagi Hrólfsskálamels eftir „Campus“ hugmynd. Gert verði nýtt deiliskipulag fyrir svæðið svo framkvæmdir geti hafist svo fljótt sem auðið er.
- Unnið verði að frekari þarfagreiningu fyrir gervigrasvöll annars vegar og hjúkrunarheimili hins vegar. Þar verði tekið mið af þörfum ólíkra hópa og fjárhagslegri hagkvæmni m.t.t. verðmætis lands og kostnaðar við uppbyggingu og rekstur.
- Gerð verði aðgerðaáætlun um eftirfylgni, sem unnið verði markvisst og faglega eftir í stjórnkerfi bæjarins.
- Haldið verði góðu upplýsingastreymi til íbúa og þeim gert kleift að fylgjast með framvindu mála með aðgengilegum hætti, bæði við aðalskipulagsvinnuna og við eftirfylgni annarra verkefna.
- Íbúar eigi möguleika á að geta tekið frekari þátt í að fylgja niðurstöðum þingsins eftir, t.d. með opnum fundum / þingum og / eða starfshópum um sértæk málefni.

Íbúaþingið á Seltjarnarnesi var fjölmennasta íbúaþing landsins til þessa, en þar tjáðu um 300 íbúar skoðanir sínar og hugmyndir. Íbúaþingið beindi kastljósinu sérstaklega að þeim viðfangsefnum skipulagsmála sem skiptar skoðanir hafa verið um í bæjarfélaginu á liðnum árum. Fram komu ýmis ný sjónarhorn og hugmyndir að mögulegum lausnum og því má með sanni segja að bæjarbúar og bæjaryfirvöld sjá nú „*NESIÐ í nýju ljósi*“.

Að lokum þakkar Alta þeim íbúum Seltjarnarness sem þátt tóku í þinginu fyrir sitt framlag. Þá eru bæjaryfirvöldum færðar þakkir fyrir mjög ánægjulegt samstarf og óskað góðs gengis við næstu skref.

8. VIÐAUKAR

8.1. Niðurstöður vinnuhópa

Eftirfarandi eru titlar á þeim vinnuhópum sem unnið var í á íbúðinginu:

1. Heilbrigt samfélag fyrir alla.
2. Hver er sérstaða Seltjarnarness?
3. Miðbær og þjónusta.
4. Umhverfið og náttúran.
5. Vinnuhópur ungmenna.
6. Hugmyndir 9 ára barna úr 4.-D í Mýrarhúsaskóla.
7. Næstu skref.

8.1.1. Heilbrigt samfélag fyrir alla

Í hópnum sem fjallaði um „Heilbrigt samfélag fyrir alla“ sátu um 40 - 50 manns. Umræður voru líflegar og snerust að miklu leyti um aðstöðu og aðstæður barna og ungmenna, þ.e. aðstöðu í skólum og umferð við skólalóðir, íþróttaaðstöðu og tómstundir. Kallað var eftir hjúkrunarheimili fyrir aldraða og almennt fannst fólki Eiðistorg ekki ná að uppfylla það hlutverk að vera lifandi miðbær á Nesinu. Samskipti milli íbúa voru ekki stórt vandamál í hugum þátttakenda, en þó var nefnt að auka mætti samkennd í bænum og jafnframt að bæjaryfirvöld mættu bæta upplýsingastreymi og samráð við íbúa.

Niðurstöður**HEILBRIGT SAMFÉLAG FYRIR ALLA****Málefni**

- Íþróttaaðstaða ekki fullnægjandi fyrir knattspyrnu, golf fyrir unglínga og sund.
- Húsnæði og umhverfi Mýrarhúsaskóla ábótavant, mötuneyti, lóð, aðgengi.
- Tómstundatilboð fyrir grunnskólabörn ekki næg og skortir fjölbreytni.
- Aðstaða og þjónusta við aldraða ekki í samræmi við eftirspurn, s.s. hjúkrunarheimili.
- Umferð of mikil við skóla, á Lindarbraut og á aðkomuleiðum á Nesið.
- Eiðistorg er hvorki virkur né vinsamlegur miðbær.
- Upplýsingastreymi milli kjörinna fulltrúa og íbúa ekki nógu gott.
- Samkennd mætti vera meiri og umgengni betri.

Aðgerðir

- Íþróttaaðstaða bætt, gervigrasvelli fundinn staður, „draumasundlaug“ og e.t.v. stækkun golfvallar.
- Húsnæði Mýrarhúsaskóla bætt, skólalóð stækkuð og bætt og mötuneyti, e.t.v. í Félagsheimili. Gönguleiðir að báðum skólum bættar.
- Útivistarsvæðum fyrir börn og unglínga fjölgað og gerð meira aðlaðandi, s.s. Valhúsahæð.
- Aðstaða og þjónusta við aldraða miðist við að geta verið heima sem lengst. Koma hjúkrunarheimili á framkvæmdastig.
- Ráðstafanir til að draga úr hraða á Lindarbraut, bæta almenningssamgöngur og akstursleiðir til og frá Nesinu.
- Eiðistorg / miðbæjarkjarni endurskipulagt sem hjarta bæjarins.
- Upplýsingastreymi og samráð bætt með reglulegum borgarafundum og betri aðgangi að upplýsingum um stjórnarsýslu.
- Samkennd aukin, t.d. með fræðslu um umhverfi og sögu Seltjarnarness, og nágrennavörslu. Allir leggist á eitt við að bæta umgengni.

8.1.2. Hver er sérstaða Seltjarnarness?

Þátttakendur í hópnum sem fjallaði um sérstöðu Seltjarnarness voru á bilinu 70 til 90. Almenn samstaða var um að sérstaða Nessins fælist í því öflugra skóla- og íþróttastarfi sem þar er og góðum aðstæðum til að njóta náttúrunnar og útivistar. Skortur væri á minni íbúðum, t.d. fyrir ungt fólk og aldraða og nauðsynlegt að huga að því við skipulag byggðar á þeim fáu svæðum sem eftir eru. Nýta þurfi það land mjög vel með þéttari byggð þar sem þess er kostur, en leggja jafnframt áherslu á fallegar byggingar í skemmtilegu umhverfi. Lífandi miðbæ skorti og leita þurfi leiða til að byggja hann upp og styrkja. Áhersla var lögð á að mikilvægt sé að vernda þann hluta Vestursvæðis sem enn er ósnortinn, skerpa betur skil byggðar og náttúru og ganga almennt betur frá auðum svæðum. Einnig þyrfti að bæta þjónustu fyrir aldraða á margan hátt.

Niðurstöður**HVER ER SÉRSTAÐA SELTJARNARNESS?****Málefni**

- Skortur á íbúðum fyrir ungt fólk og aldraða sem vilja minnka við sig.
- Hraðakstur um íbúagötur.
- Margt ófrágengið, rusl er ekki hreinsað nægilega oft og óljós skil milli byggðar og náttúru.
- Skortur á lífandi miðbæ með þjónustu.
- Léleg tenging göngustíga, sérstaklega með ströndinni.
- Slæm aðstaða á íþróttavöllum og léleg nýting á félagsheimili.
- Hrólfsskálamelur er óleyst verkefni.
- Skortur á strætisvagnasamgöngum.
- Þjónusta við aldraða er ekki nægilega góð.

Aðgerðir

- Aðlaðandi íbúðir fyrir ungt fólk og aldraða á Hrólfsskálamel.
- Nýta vel það byggingarland sem eftir er og þetta þar byggð.
- Endurskoða umferðarhraða og hönnun gatna á aðalleiðum og bæta viðhald og umgengni gatna, húsnæðis og annarra mannvirkja.
- Skilja betur á milli byggðar og náttúru, einkum á Vestursvæði og skipuleggja útivistarsvæði m.t.t. sérstöðu í náttúru- og menningu.
- Setja upp fleiri ruslafötur og hreinsa bæinn oft.
- Styrkja miðbæjarkjarna og efla mannlíf á Eiðistorgi.
- Bæta og tengja betur göngustíga um Nesið og við Reykjavík og gera vel grein fyrir bæjarmörkum Reykjavíkur og Nessins.
- Nýta félagsheimilið fyrir þjónustu við unglínga og aldraða og bjóða þar upp á mat í hádeginu.
- Byggja góðan fótboltavöll.
- Örari strætóferðir.
- Greina betur þarfir aldraðra hvað varðar þjónustu og bæta hana á grundvelli þeirra niðurstæðna.

8.1.3. Miðbær og þjónusta

Í hópnum sátu um 25 – 30 manns og héldu uppi miklum umræðum þrátt fyrir að mega á köflum hafa sig alla við til að láta ekki líflegar umræður í skipulagshópum allt í kring, trufla sig. Mest var fjallað um Eiðistorg og reyndust það vera almenn vonbrigði að það virki ekki sem skyldi, sem miðbær. Athugasemdir um torgið snerust m.a. um aðstöðu, þjónustu og gæslu. Þátttakendur töldu að það gæti orðið vandkvæðum bundið að finna leiðir til að efla þjónustu á miðbæjarsvæðinu og bundu helst vonir við að 2. hæð Eiðistorgs yrði nýtt fyrir einhverja opinbera þjónustu. Þá var hópnum umhugað um að sú þjónusta sem nú er á Hrólfsskálamel flytjist ekki úr sveitarfélaginu, við uppbyggingu þar.

Niðurstöður**MIÐBÆR OG ÞJÓNUSTA****Málefni**

- Eiðistorg virkar ekki sem „miðbær“ og dregur ekki til sín mannlíf.
- Umgengni á og við Eiðistorg er ekki nógu góð og löggæslu ábótavant.
- Þjónusta á miðbæjarsvæðinu er of einhæf.
- Tengingu vantar frá Eiðistorgi yfir að Hrólfsskálamel.
- Bílastæði ónóg við kirkju, Eiðistorg og skóla og umferð við skóla er of mikil á annatímum.
- Óvissa um framtíð þeirrar þjónustu sem fyrir er á Hrólfsskálamel.

Aðgerðir

- Eiðistorg verði endurskipulagt og aðstaðan bætt.
- Þjónusta eflað á miðbæjarsvæði, með ýmissi opinberri starfsemi.
- Miðbær skilgreindur yfir stærra svæði en eingöngu Eiðistorg.
- Umhverfi Eiðistorgs og nágrennis verði fegrað og grenndargæsla eflað.
- Húsnæði Rauða ljónsins og/eða Sex baujunnar nýtt, t.d. sem menningarmiðstöð.
- Bílastæði verði aukið við kirkju, á Eiðistorgi og við skóla.

8.1.4. Umhverfið og náttúran

Þátttakendur í þessum hópi voru á bilinu 30 til 40. Íbúar voru almennt sammála um að umhverfi og náttúra Seltjarnarness væri sérstæð auðlind, sem bæri að varðveita. Skerpa þurfi skil á milli byggingasvæða og útivistarsvæða og nýta betur þau ónýttu svæði sem þegar væru röskuð svo sem hluta Valhúsahæðar. Hugsanlegt væri að fækka opnu svæðunum en lagfæra um leið þau svæði sem eftir eru og nýta betur sem leiksvæði. Fjölga þurfi göngu- og hjólastígum, bæta tengingar við Reykjavík og fjölga bekkjum meðfram þeim. Varðveita eigi Vestursvæðið en fjölga þurfi göngustígum og byggja upp svæðið í kringum Nesstofu í tengslum við þær menningarminjar sem þar eru, með veitingasölu, þjónustu og tækifærum til útivistar. Umferð um Lindarbraut er of hröð og þarf að leita skynsamlegra leiða til að draga þar úr umferðarhraða, en ekki reyndist áhugi á því að færa hringleið yfir á Vestursvæðið. Bæta þarf aðstöðu til sorpflokkunar. Einnig var bent á að hreinsun og viðhaldi í bænum væri oft ábótavant og mikilvægt að bæta þar úr.

Niðurstöður**UMHVERFIÐ OG NÁTTÚRAN****Málefni**

- Nýtingu opinna svæða þarf að skilgreina og bæta aðstöðu og aðgengi.
- Umferð er víða mikil og hraðakstur er vandamál.
- Menning og saga eru auðlindir sem þarf að gera meira úr.
- Nesstofa og svæðið í grennd við hana nýtist ekki nægilega vel.
- Göngustígatengingar ekki heildstæðar og aðgengi að fjörum erfitt.
- Yfirbragði bæjarins, aðkomu og umgengni er víða ábótavant.
- Ekki sérstök hvatning til sorpflokkunar og umverfisverndar.

Aðgerðir

- Nýta Vestursvæði skynsamlega með tilliti til menningarverðmæta og sögu og gera önnur opin svæði vistlegri.
- Hægja á umferð, sérstaklega við Lindabraut.
- Nýta svæði við Nesstofu til útivistar, lifandi minjasafn og þjónustumiðstöð.
- Fjölga göngustígum, áningastöðum, bekkjum og upplýsingaskiltum og tengja göngustíga við Ægissíðu.
- Átak við þrif og snyrtingu bæjarins, fegrun iðnaðarhverfis og aðkomu að bænum.
- Sorpflokkunarstöðvum fjölgað og hvatt til jarðgerðar á lífrænum úrgangi.

8.1.5. Vinnuhópur ungmenna

Í vinnuhóp ungmenna tóku þátt 12 ungmenni úr 9. og 10. bekk Valhúsaskóla. Umræðurnar snerust að mestu um aðstöðuleysi unglínganna til félagslífs og tómstunda s.s. félagsmiðstöð, kaffihús og íþróttaaðstöðu. Einnig var óskað eftir aukinni fjölbreytni í íþrótt- og tómstundastarfi og þeim tilmælum komið á framfæri að ruslafötum verði komið fyrir víðsvegar um bæinn. Rík áhersla var lögð á að úrbætur verði gerðar á mötuneyti Valhúsaskóla og salernisaðstaðan verði lagfærð. Hópurinn óskaði eftir því að athvarf verði stofnað fyrir börn og ungmenni sem eiga erfitt heima fyrir og að þau fái ráðgjöf og stuðning.

Niðurstöður**VINNUHÓPUR UNGMENNA****Málefni**

- Aðstaða í Való ekki nógu góð, t.d. WC, skólalóð, mötuneyti og salur fyrir félagsstarf.
- Heimavinna er of mikil til að geta sinnt tómstundum.
- Félagslíf ekki nóg, Selið er of lítið og aðgengi að Félagsheimili takmarkað.
- Framboð á íþróttum er of einhæft og vantar góðan körfuboltavöll og gervigrasvöll.
- Eiðistorg er óspennandi og þar vantar meira mannlíf og þjónustu.
- Strætisvagnaleiðir eru of fáar.
- Ruslafötur vantar á Seltjarnarnesi.
- Athvarf vantar fyrir börn og unglínga sem eiga í vandræðum heima fyrir.

Aðgerðir

- Aðstaða bætt með lokun miðrýmis, lagfæringu WC, lokun körfuboltavallar fyrir umferð og aukinni fjölbreytni í mötuneyti.
- Kennslustundir lengdar til að minnka heimavinnuna og samvinna við Gróttu.
- Félagslíf aukið með stækkun Selsins, lengri opnun og meiri fjölbreytni. Bærinn reki Félagsheimilið og unglíngadiskótek hjá Ísbirninum.
- Íþróttaaðstaða bætt, s.s. gervigrasvöllur, körfuboltavöllur hjá Hofgörðum, danssalur í íþróttahúsinu. Stofna körfuboltalið og stelpulið í fótbolta.
- Eiðistorg endurskipulagt, netkaffihús, bókasafn með lærdómsaðstöðu og skyndibitastaður.
- Leið 6 gangi sömu leið eftir Nesinu og þristurinn gerir.
- Ruslafötur settar á annan hvern ljósastaur.
- Athvarf með þjónustu félagsráðgjafa fyrir börn og unglínga.

8.1.6. Hugmyndir 9 ára barna í Mýrarhúsaskóla

Unnið var með 23 börnum úr 4.-D í Mýrarhúsaskóla fyrir íbúðingnið. Börnin voru spurð að því hvað þeim þætti gott við að búa á Seltjarnarnesi og hvað þeim þætti ekki nógu gott eða vildu hafa betra. Ýmsar hugmyndir komu fram hjá börnunum og voru þau sammála um atriði eins og það að nauðsynlegt er að hafa undirgöngin við hlið Eiðistorgs og að það sé mikið af leiksvæðum. Börnunum fannst gott að hafa skólana svona nálægt sundlaug og íþróttahúsi. Jafnframt vildu börnin fá stærri sundlaug með vatnsrennibraut og fleiri leiktæki á skólalóðina.

Niðurstöður**4-D Í MÝRARHÚSASKÓLA****Gott á Seltjarnarnesi**

- Góður skóli og góður lítil bær með skemmtilegri fjöru og umhverfi.
- Fólkið er gott – kurteist.
- Gott bókasafn, margar og skemmtilegar bækur.
- Gott að hafa göng undir götuna við hliðina á Eiðistorgi.
- Gott að hafa margar verslanir á Eiðistorgi.
- Gott að hafa sundlaugina og íþróttahúsið nálægt hvort öðru.
- Góðir róluvellir og mörg leiksvæði.
- Fólkið er gott við hvert annað.
- Valhúsaskóli og Mýrarhúsaskóli eru nálægt hvor öðrum.

Ef við mættum ráða

- Stærri sundlaug með rennibraut og stökkbretti.
- Fleiri leiktæki á skólalóðina s.s. kastala, snúningstæki, rólur og vegasölt.
- Fá stelpulið í fótbolta og betri fótboltavöll.
- Engar fyllibyttur á Eiðistorgi.
- Fleiri tré og blóm.
- Vantar gæludýrabúð.
- Vantar útivistarsvæði fyrir hunda og aðstöðu fyrir hesta.
- Of mikið að læra í skólanum og skóladagurinn of langur.
- Laga klósettin í undirgöngunum.
- Vantar tívolí á Seltjarnarnes fyrir allt árið.
- Vantar umferðarljós á Nesveg nálægt Grænumýri.
- Selja ávaxtasafa í skólanum og fá betri tölvur.

8.1.7. Næstu skref

Í lok þingsins settust þátttakendur saman og varpað var fram spurningunni um hver væru næstu skref, til að tryggja að íbúapingið skilaði Seltjarnarnesbæ góðum árangri. Þegar þarna var komið voru um 40 manns á þinginu.

Hópurinn taldi mikilvægt að bæjaryfirvöld taki sem fyrst ákvörðun um skipulag Hrólfsskálamels, þar sem byggt yrði á niðurstöðum þingsins. Framkvæmdir þar þurfi síðan að hefjast hið fyrsta. Þátttakendur lögðu áherslu á markvissa eftirfylgni þar sem gerð yrði aðgerðaáætlun um verkefni og henni fylgt kerfisbundið eftir innan stjórnkerfis bæjarins.

Þegar bæjarstjórn boðaði til íbúapingsins var ljóst að niðurstöður þess ættu að nýtast við gerð nýs aðalskipulags fyrir Seltjarnarnesið. Þátttakendur töldu mikilvægt að í skipulagsvinnunni verði lögð áhersla á heildarmynd bæjarins. Þá kom fram ósk um að íbúar fái tækifæri til að taka áfram þátt í aðalskipulagsvinnunni, t.d. með myndun sérstakra starfshópa og að kalla mætti saman annað þing þegar drög að nýju aðalskipulagi liggja fyrir. Loks var lögð áhersla á að bæjaryfirvöld tryggi gott upplýsingastreymi til íbúa í þeirri vinnu sem framundan er.

Niðurstöður

NÆSTU SKREF

- Komast að niðurstöðu um skipulag Hrólfsskálamels, með samráði við íbúa og hefjast síðan handa.
- Forgangsráða verkefnum og vinna aðgerðaáætlun.
- Kynna niðurstöður þingsins og hvernig því verður fylgt eftir.
- Auka upplýsingastreymi og samráð við íbúa og mynda starfshópa um ákveðin verkefni.
- Nýta niðurstöður íbúapingsins og leggja áherslu á heildarmynd við endurskoðun Aðalskipulags Seltjarnarness.
- Kalla saman annað þing þegar drög að nýju aðalskipulagi liggja fyrir.

8.2. Niðurstöður skipulagshópa


Eftirfarandi eru titlar á þeim skipulagshópum sem unnið var í á íbúáþinginu:

1. Miðbær: „Miðbærinn okkar“.
2. Miðbær 1 og 2.
3. Staðsetning þjónustu: „Þjónusta“.
4. Nýting lands.
5. „Brain Kári“.
6. Miðbær – tenging að sjó: „Albert“.
7. Miðbær - Eiðistorg.
8. Miðbær.
9. Vestursvæðið: „Græni hópurinn“.
10. Samgöngur: „Ferðahópurinn“.
11. Hjúkrunarheimili: „Vinahópur“.
12. Íþróttaaðstaða: „Heilsuræktarparadís“.
13. Ungmenni: „Hvar – hvert?“.
14. Horft frá Valhúsaæð.
15. Menning – saga: „Ráðgátur“.

8.2.1. Miðbær: „Miðbærinn okkar“

Mikil þátttaka var í umræðunni og voru á milli 20-30 manns sem stóðu við borðið og reyndu að láta skoðanir sínar í ljós. Virtist hópurinn vera nokkuð fjölbreyttur þ.e. konur og karlar á öllum aldri.

Umræðan snerist eingöngu um hvernig uppbyggingu ætti að vera háttað í miðbænum þ.e. á Hrólfskálamel og á því svæði þar sem núverandi fótboltavöllur er. Ljóst var frá upphafi að mikill hiti var í fólki og skiptist hópurinn í fylkingar eftir því hvernig fólk vildi uppbyggingu háttað á miðbæjarsvæðinu. Ákveðið var að sýna 3 mismunandi tillögur og var gerð óformleg skoðanakönnun í lokin til að skynja hvaða tillaga var að fá mestan hljómgrunn og hvaða tillaga minnstan. Tillögur sem sýndu annarsvegar fótboltavöll á Hrólfskálamel og íbúðabyggð á núverandi sparkvallarsvæði og hinsvegar uppbyggingu á báðum svæðum fengu mestan hljómgrunn (13 og 10 þátttakendur). Tillagan sem sýndi uppbyggingu blandaðrar byggðar á Hrólfskálamel og sparkvöll á óbreyttum stað fékk minnstan hljómgrunn (4 þátttakendur).



Tillaga 1

- Blátt:Íbúðabyggð
- Rautt:Blönduð byggð – þjónusta og íbúðir
- Grænt:Gervigrasvöllur
- Gult:Núverandi þjónustuás

Tillaga 2

- Blátt:Íbúðabyggð
- Rautt:Blönduð byggð – þjónusta og íbúðir
- Gult:Núverandi þjónustuás



Tillaga 3

- Rautt:Blönduð byggð – þjónusta og íbúðir
- Grænt:Gervigrasvöllur
- Gult:Núverandi þjónustuás



Almennt

- Ekki hærrí hús en 2-3 hæðir.
- Gott aðgengi milli Eiðistorgs og Hrólfskálamels.
- Bílastæði neðanjarðar að mestu.
- Lágvöruverslun og líkamsrækt áfram á svæðinu.

8.2.2. Miðbær 1 og 2

Í hópnum voru 10-15 manns, sem virtust skiptast nokkuð jafnt í talsmenn íþróttahreyfingar, og þá sem vel gátu hugsað sér að sjá eitthvað annað en fótboltavöll á Hrólfskálamel.

Rætt var um svæðið frá Bakkavör og út að Eiðistorgi. Allir virtust sammála um nýtingu á jöðrunum á þessu svæði, en þegar kom að Hrólfskálamel og svæðinu framan við Heilsugæsluna voru skoðanir nokkuð skiptar. Allir í hópnum voru sammála um að varðveita græna tungu sem nær ofan af Valhúsaheð og niður í Bakkavör og efla það svæði til útivistar. Einnig var sátt um að efla miðbæjarkjarna á Eiðistorgi og bæta tengingu hans (hugsanlega neðanjarðar) við þjónustu á Hrólfskálamel og að brún þörf væri á að bæta umferðarmál við skólana (bílhafnir). Ekki tókst að fá hópinn til að sættast á eina lausn varðandi nýtingu Hrólfskálamelar, þannig að tvær tillögur voru settar fram.

Sú fyrri gerði ráð fyrir að settur yrði gervigrasvöllur á Hrólfskálamel og á svæðið fyrir neðan Heilsugæslu, þar sem nú er fótboltavöllur, kæmi blönduð byggð með íbúðum fyrir yngra fólk annars vegar og hins vegar eldri borgara sem vilja minnka við sig án þess að flytja burt úr bænum. Fyrir utan fótboltaaðstöðu átti síðan að koma fyrir þjónustukjarna (ráðhús / bókasafn) og að stækka skólalóð Mýró.

Síðari tillagan gerði ráð fyrir að fótboltavöllurinn yrði um kyrrt en aðstaða öll bætt til muna og grænt svæði kringum hann tengdist útivistarsvæði við Bakkavör. Á Hrólfskálamel var síðan gert ráð fyrir þéttri byggð með minni íbúðum í bland við græn svæði sem tengdust skólalóð Mýró og þjónustukjarna (ráðhús / bókasafn).



Miðbær – tillaga 1.

1. Græn tunga sem nær frá Bakkavör og upp á Valhúshæð er dýrmætt útvistarsvæði sem má skipuleggja betur.
2. Svæði suður af Valhúsaskóla, þar sem nú er malarvöllur, verði nýtt til íbúðabygðar.
3. Komið verði fyrir sameiginlegu svæði til að hleypa út og ná í farþega á skólasvæðinu.
4. Á Hrólfsskálamel verði komið fyrir grasvelli fyrir knattspyrnu og í tengslum við hann grænu svæði sem gæti orðið hluti af skólalóð Mýrarskóla.
5. Á NA horni Hrólfsskálamels komi þjónustukjarni með tengingu yfir í Eiðistorg (undigöng). Á horninu þarf að vera áberandi "landmark" bygging.
6. Auka áskókn fólks á Eiðistorg með fjölbreyttari þjónustu t.d. bókasafn.

Miðbær – tillaga 2.

1. Sama og tillaga 1.
2. Grasvöllur komi í stað malarvallar og grænt svæði fyrir hann tengist Bakkavör.
3. Sama og tillaga 1.
4. Á Hrólfsskálamel verði blönduð þétt byggð íbúða og þjónustu og opið grænt svæði (torg) sem nýtist einnig Mýrarskóla.
5. Sama og tillaga 1. Áberandi bygging gæti verið ráðhús og torgið eins konar ráðhústorg.
6. Sama og tillaga 1.

8.2.3. Staðsetning þjónustu: „Þjónusta“.

Í hópnum voru um 12 manns þegar mest var, en um það bil 8 manns mestan tímann. Langflestir þátttakendur voru konur og var aldersdreifingin á að giska 45–80 ára, flestir um 65 til sjötugt.

Umræðan snerist mest um þjónustu við eldri borgara einkum stefnumótun varðandi þrepaða þjónustu “að brúa bilið” milli heimilis, minni íbúða, þjónustuíbúða og hjúkrunarheimilis. Þátttakendur virtust á einu máli um að hjúkrunarheimilis væri þörf. Rædd voru bæði landfræðileg og þjónustuleg viðfangsefni s.s. gerð þjónustu, staðsetning ýmissa þjónustupátta og lögð sérstök áhersla á aðgengi milli þjónustupáttanna – að mikilvægt væri að uppbyggingin yrði miðsvæðis og á sama svæði ef hægt væri. Svæðin sem rædd voru voru fimm talsins og virtust tvö svæði njóta mests fylgis, svæðið syðst á Valhúshæð og Hólfsskálamelur. Lögð var áhersla á aðgengi frá Hrólfsskálamel yfir að Eiðistorgi og að hugað yrði að verslun með ýmislegt til heimilisins s.s. hannyrðir og aðrar tómsundur. Einnig var rætt um almenningssamgöngur m.a. að setja þyrfti stoppistöð við Eiðistorg og að samræma þyrfti bæði leiðir og tímatöflu strætisvagnanna.




Lykill

| # | Svæði | Kostir | Gallar |
|----|--------------------|---|--|
| 1. | Syðst á Valhúsahæð | Frábært útsýni – Almenningsgarður. Hægt að þrepa byggingu upp og hafa á 2-3 hæðum. Gott aðgengi. Miðsvæðis, nálægt heilsugæslu og sundlaug. | Vindasamt. |
| 2 | Við Hrólfsskálamel | Hægt að byggja á fleiri hæðum. Bygging sem kennileiti bæjar. | Þröngt byggingarsvæði. |
| 3 | Við Kirkjubraut | Nálægt þjónustukjarna. Nálægt kirkju. Nálægt íbúðum fyrir aldraða. | Frekar hvasst. |
| 4 | Á Valhúsahæð | Skemmt svæði – gott að byggja. Gott útsýni. | Mjög hvasst. Tengingar ekki góðar. |
| 5 | Við Nesstofu | Nálægð við náttúru / fornminjar. Nálægð við Nesstofu / söfn. Leyfir einnar hæðar byggingu. | Of langt frá þjónustukjarna. Of nálægt Nesstofu. |

- Athuga tímatöflu strætisvagna. Vantar stoppistöð á/við horn Eiðistorgs.
- Er nauðsynlegt að hafa 60 rúma hjúkrunarheimili. Þörf fyrir 25-30 í dag. (15 á biðlista + 15 vistaðir annars staðar).
- Nauðsynlegt að það sé stutt á milli þjónustustöðva fyrir eldri borgara. => Að brúa bilið milli stöðva er mjög mikilvægt.
- Göngustígar eru mikilvægir.

8.2.4. Nýting lands

Að jafnaði voru um 5 þátttakendur í hópnum, en fólk fór þó talsvert á milli. Hópurinn leit svo á að Nesið væri að mestu fullbyggt, þó með 10 – 15% stækkunarmöguleika. Vestasta hlutann bæri að varðveita sem opið svæði til útivistar, þó með möguleikum á hjúkrunarheimili við Nesstofu. Til greina kæmi að leggja iðnaðarsvæðið niður og/eða reisa íbúðabyggð á jaðrinum. Valhúsahæðina bæri að varðveita en óánægja var með núverandi nýtingu. Íþróttavöllur þar væri óhentugur vegna veðráttu og kom fram sú hugmynd að byggja yfir hann. Hrólfskálamel þyrfti að nýta vel og var þá horft byggingar á minna íbúðahúsnæði. Þá voru taldir augljósir kostir þess að hafa hjúkrunarheimili í nánd við byggingu aldraðra. Óánægja var með verslunarmiðstöðina Eiðistorg en hún snerist m.a. um hversu miðsvæðið er óvirkt, skort á þjónustu og óaðlaðandi umhverfi. Til greina kæmi að gatnamót Suðurbrautar og Nesvegjar væru niðurgráfin til að auka öryggi gangandi. Mikill áhugi var á göngustíg með ströndinni þ.e. við gamla Kveldúlfslandið, Melshús. Hugmyndir voru uppi um að flytja núverandi keppnisvöll á landfyllingu við smábátahöfnina eða í Eiðisvíkina. Við það skapaðist möguleiki á íbúðabyggð eða hjúkrunarheimili á lóðinni þar sem nú er malarvöllur. Einnig var rætt um landfyllingu fyrir stærri golfvöll.



Lykill

1. Landfylling undir stærri golfvöll.
2. Landfylling.
3. Endurgerð Seltjarnar með garði á Seltjarnarrífi.
4. Skerma af iðnaðarsvæði með íbúðabyggð. Leggja niður iðnaðarsvæði.
5. Göngustíg í fjörunni.
6. Fjölnot á Hrólfskálamel.
7. Íbúðabyggð á íþróttasvæði.
8. Flytja gamla Mýrahúsaskóla á Nesstofusvæði, þá fæst leiksvæði fyrir grunnskólann á lóðinni.
9. Fótboltavöll og útsýni, ekki ánægja með not en engar hugmyndir.

8.2.5. "Brain Kári"

Nafnið á hópnum vísaði til enska hugtaksins "Brain Storm". Í hópnum voru 6 – 7 manns sem hófu umræðuna á því að fjalla um fótoltavöllinn og íþróttaaðstöðu. Mörgum í hópnum fannst að Seltirningar ættu að vera opnari fyrir því að samnýta aðstöðu með Reykvíkingum og að fótoltavöllur í fullri stærð gæti verið staðsettur í nágrenninu, t.d. á nýrri landfyllingu við Eiðisgranda. Þar með væri hægt að nýta landrými betur fyrir annað, sem myndi styrkja bæjarkjarnann og hægt væri að byggja upp minna íbúðahúsnæði, sem mikil þörf er á. Einungis einn þátttakandi í hópnum vildi að fótoltavöllurinn yrði áfram á miðsvæðinu.

Varðandi önnur málefni, vildi hópurinn að Vestursvæðinu yrði haldið óbyggðu og að aðstaða þar til útivistar væri bætt, t.d. með stígum sem tengdust byggðinni. Valhúsaæð nýtist ekki sem skyldi og var m.a. stungið upp á því að laða fólk þangað með einhvers konar kennileiti, t.d. byggingu, en ekki var skilgreint hvers konar bygging það ætti þá að vera.



Lykill


1. Þétt blönduð byggð í miðbæ – ungir og aldnir.
2. Ný íþróttaaðstaða nærri skóla.
3. Samnýta aðstöðu með Reykjavík, þ.m.t. íþróttamannvirki.
4. Krýna Valhúsaæð með áberandi húsi sem dregur að gesti.
5. Á landfyllingu mætti t.d. setja fótoltavöll.
6. Varðveita og bæta landslag – bæta stígakerfi.

8.2.6. Miðbær – tenging að sjó: „Albert“

Þessi hópur var staðsettur úti í horni á friðsælum stað og fékk því ekki mikla umferð, sem hefði e.t.v. stuðlað að frjórri umræðum. Þátttakendur, sem voru 5 – 6, skiptust í tvo hópa, hlyntir eða andvígir Sjóbjörgunarsveitinni og einkenndist umræðan talsvert af því.

Eftirfarandi tillaga sýnir hvernig hópurinn taldi að svæðið í heild ætti að líta út.

Hópurinn var sammála um að vinna betur úr svæðinu í kringum höfnina, og að þar gæti verið útivistarsvæði sem tengdist göngustíganeti á ströndinni og grænu tungunni við Bakkavör. Ekki voru uppi neinar ákveðnar hugmyndir um tengingu strandarinnar við miðbæjarkjarna, en hópurinn hafði ýmsar hugmyndir varðandi uppbyggingu Eiðistorgs.



Lykill

1. Hafnarsvæðið hugsað sem útivistarsvæði sem tengist Bakkavör annars vegar og Suðurströnd hins vegar.
2. Athuga með möguleika á aðstöðu fyrir tómsundastarfsemi (siglingar, bretti o.þ.h.) við vörina.
3. Nýta svæði suður af Valhúsaskóla til íbúðabyggingar.
4. Grasvöllur og útivistarsvæði fyrir skóla og almenning.
5. Bílastæðahús á tveimur hæðum (kjallari + jarðhæð) við Eiðistorg. Ofan á bílastæðahús gætu komið 2 hæðir með íbúðum fyrir ungt fólk og þá sem vilja minnka við sig.
6. Leysa gangandi umferð yfir Suðurströnd frá Nesvegi að sundlaug, með því að setja veginn í stökk á þessum kafla


8.2.7. Miðbær – Eiðistorg

Þátttakendur voru fimm talsins. Gengið var frá Valhúsaskóla á göngustígum niður á Eiðistorg. Á leið til baka var gengið eftir Suðurströnd.

Allir í hópnum voru sammála um að Eiðistorg væri ekki aðlaðandi og lifandi rými. Þar næst ekki sú miðbæjarstemming sem fólk sækist eftir. Hvers vegna?

Ókostir Eiðistorgs

| | |
|-------------------------------|--|
| Þakið yfir torginu er of lágt | -> Þrúgandi stemming. |
| | -> Verslanir á 2. hæð sjást ekki af torginu. |
| Bergmál | -> Óþægilegt að dvelja lengi á torginu vegna hávaða. |
| Vantar salerni | -> Óaðgengileg og óaðlaðandi salernis-aðstaða úti. |
| Vantar sæti | -> Ekki hentugt fyrir samkomur. |
| Þakið lekur | -> Skapast slyshætta á blautum flísum. |

**Lykill**

1. Þetta svæði nýtist illa
2. Setja gatnamót í stökk
3. „Flottasti staðurinn fyrir kaffihús á Nesinu“. Hornið þar sem tónlistarskólinn er nú.

Tillögur að úrbótum:

- Eftirsótt þjónusta á torginu, t.d. netcafé fyrir unginga, bókasafn, fjölskylduvænn veitingastaður.
- Hafa lyftu inni á torginu t.d. fyrir fatlaða og barnavagna.
- Minnka skábrautir og gera settröppur í staðinn sem gera samkomuhald og viðveru auðveldari og betri.

Aðrar ábendingar

- Vantar strætóskýli á Nesvegi gegnt Iðunni austan megin.
- Tvískinningur í umferðamálum; þeir sem keyra börnin sín í skóla segja sjálfir „Við gengum nú í skólann á sínum tíma“.
- Ef börnin eiga að ganga í skólann þá þarf að skapa þeim barnvænar gönguleiðir

8.2.8. Miðbær

Í hópnum sátu um 5 manns, en ýmsir komu og fóru. Upphaflega var ætlunin að horfa á verslunarmiðbæinn, þ.e. Eiðistorg, en umræður um Hrólfskálamel urðu fljótt ráðandi. Hópurinn var í heild ekki sammála um nýtingu Hrólfskálamelar. Toguðust á sjónarmið um skóla, skólaleiksvæði, hjúkrunarheimili, íbúðabyggð, verslanir og íþróttavöll. Fram kom hugmynd um að flytja núverandi grunnskóla á Valhúsahæðina, sem er meira miðsvæðis og nýta þann gamla til annarrar miðbæjarstarfsemi. Þá komu fram hugmyndir um lítinn sparkvöll sem nýst gæti skólunum á skólatíma en til annars þess utan. Ekki var almennur hljómgrunnur við að flytja núverandi keppnisvöll á Hrólfskálamel. Hópurinn taldi að koma ætti neðanjarðarbílastæði fyrir starfsemi á Hrólfskálamel og sem jafnframt gæti nýst Eiðistorgi. Þótt menn sæju fyrir sér aukna nýtingu á Hrólfskálamel vildu þeir ekki hafa byggðina meira en 2 – 3 hæðir. Byggðin myndi styrkja verslunina í miðbænum en almenn óánægja var með núverandi verslunarmiðstöð.




Lykill

1. Tenging milli Hrólfskálamelar og Eiðistorgs undir gatnamót. Verslanir á báðar hliðar.
2. Bílastæði á neðri hæð.
3. Íbúðabyggð 2-3 hæðir.
4. Knattspyrnu- og/eða leikvöllur.
5. Byggja nýjan grunnskóla á Valhúsahæð. Gamli skólinn nýttur til stjórnsýslu.

8.2.9. Vestursvæði – tengsl við bygð og útivist: „Græni hópurinn“

Í hópnum voru um 6-15 manns og var töluvert um „út-af skiptingar“ milli þessa skipulagsborðs og næsta borðs þar sem rædd voru málefni miðbæjarsvæðisins og framtíð skipulagðra útivistarsvæða og íþróttamannvirkja. Aldursdreifingin var nokkuð jöfn, á bilinu 30 ára til 75 og voru karlmenn í meirihluta.

Umræðurnar í þessum skipulagshópi voru mjög líflegar og beindust aðallega að skipulagi Vestursvæðisins, Valhúsahæðarinnar og tenginga útivistarsvæða. Varðandi Vestursvæðið var nokkur ágreiningur milli náttúruunnenda annarsvegar og golfiðkenda (sem flestir eru einnig miklir náttúruunnendur sbr. frásögn eins þáttakendanna). Greinilegt er að árekstrar hafa tíðum orðið milli þeirra sem nota göngustígana á golfvallarsvæðinu og þeirra sem stunda golfíþróttina. Var nokkur hiti í umræðunni en flestir voru þeirrar skoðunar að auðvelt yrði að leysa þessi ágreiningsmál. Þátttakendur virtust vera á einu máli um verndun Nesstofusvæðis sem útivistar- og safnasvæðis þar sem lögð yrði áhersla á sögu staðarins, bæði náttúrusögu, sögu sjósóknar og sögu lyfja og lækninga. Töluvert skiptar skoðanir voru varðandi svæðið suðvestan Nesstofu. Sumir voru fylgjandi byggingu lítils æfingagolfvallar en aðrir algerlega á móti slíkum hugmyndum og vildu mun heldur hafa svæðið með í náttúru- og fræðslusvæðishugmyndinni og skapa þannig eina heild sem tengdist fuglafriðlandinu. Varðandi Valhúsahæðina voru þátttakendur sammála um að gildi hæðarinnar hefði dvínað töluvert frá því sem áður var. Hæðin virðist þó hafa talsvert tilfinningalegt- og kennileitalegt gildi hjá rótgrónum Seltirningum, byggt á góðum bernskuminningum. Margar hugmyndir komu fram um nýtingu svæðisins, m.a. stækkun friðaða svæðisins, að færa hæðina aftur til upprunalegs horfs, trjáplöntunarsvæði, hönnun ævintýrasvæðis fyrir börn og bygging niðurgrafins knattspyrnuhúss. Augljósar svæðatengingar voru einnig á dagskrá, sérstaklega austur-vestur stíga tenging milli Nesstofusvæðis, yfir Valhúsahæð og niður Hrólfskálamel og hinsvegar norður-suður stígatenging þvert yfir Valhúsahæð. Einnig var þó nokkuð rætt um aðrar einstakar náttúruperlur, aðgengi þeirra og nauðsyn tengistígakerfis.



Lykill

1. Suðurnes. Ágreiningur milli notenda golfvallar og göngustíga. Athuga samspil manns og náttúru.
2. Svæði milli suðurness og friðlands – huga að bílstæði og upplýsingagjöf.
3. Mikilvægt náttúrusvæði.
4. Lítil not fyrir eins og er. Stígar. Náttúra. Tengja Nesstofu.
5. Gróttu. Burt með staura? Brú?
6. Ánægja með hjallinn, manir, skjólgarða og sjógarða.
7. Þjónusta og safnasvæði. Vernda fornminjar; bygggarða / manir og lyfjagarða. Laga aðkomu.
8. Æfingasvæði fyrir golf?
9. Göngu- / hjólastígur að Nesstofu – planta og snyrta.
10. Smábátahöfn. Efla þjónustu – fjarlægja slysavarnahús. Vernda klappir. Tengja með gangbraut við Bakkavör.
11. Stækka náttúrusvæði.
12. Færa í upprunalegt horf eða byggja þar t.d. golfvöll eða knattspyrnuhús.
13. Svæði fyrir börn t.d. villigróður / ævintýraleikvöll.
14. Mikilvætt að huga að grænni tengingu.

8.2.10. Samgöngur: „Ferðahópurinn“

Í hópnum voru 8 – 12 manns, mest allan tímann, þar af 3 konur.

Lang mesta umræðan var um göngustíga og tengingar yfir umferðargötur í bænum eins og Lindarbraut, Nesveg, Suðurströnd, Norðurströnd, Kirkjubraut. Líka á Valhúsaá. Mikil umræða var um að gera þyrfti göngustíg meðfram ströndinni frá Sandvík að stígnum á Ægissíðu í Reykjavík. Mjög skiptar skoðanir voru um þetta.

Samstaða var um að lækka þyrfti hraða á Lindarbraut með breytingu á götunni, líkt og gert var á Melabraut.

Lítill umræða var um almenningssamgöngur. Þó mætti hliðra áætluðum strætó til að þær nýtist betur.

**Lykill**

1. Halda svæðinu bílfrú.
2. Loka Kirkjubraut inn á skólasvæði. Einstefnu inn á Bakkavör.
3. Endurskoða hraðatakmarkanir, sérstaklega á Norðurströnd.
4. Minnka hraða á Lindarbraut – eins og á Melabraut.
5. Nesbalaumferð af Lindarbraut inn á Suðurströnd.
6. Auðvelda gangandi umferð – t.d. draga úr hraða.
7. Göngustíg meðfram ströndinni. Jafnvel á bryggju eða brú.
8. Suðurströnd í stökk. Gangandi umferð ofaná.
9. Lýsa upp stíg um Framnes og malbika stíg umhverfis golfvöll.
10. Gera aksturssvæði til að skila börnum í skólann.

8.2.11. Hjúkrunarheimili: „Vinahópur“

Í hópnum voru 7 til 8 manns, meðalaldur þátttakenda hefur verið um og yfir sjötugt. Umræður voru líflegar og skemmtilegar og voru íbúar sammála um að bæta þurfi þjónustu og aðstöðu fyrir aldraða á Seltjarnarnesi. Greinilegt var að íbúar sem nú eru að komast á efri ár hafa áhyggjur af árunum sem eru framundan og vilja reyna að tryggja að hægt verði að sinna þeirra þörfum.

Rætt var um þær hugmyndir sem fram hafa komið um að reisa þurfi hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi, er rúmi 60 manns. Þar sem Seltirningar þurfi ekki nema hluta þess rýmis, muni þurfa að samnýta þetta heimili með Reykvíkingum. Þetta verður stór bygging og var dregið í efa að Seltirningar ættu að reisa svona heimili á landlitlu Nesinu. Þarna þurfi að taka tillit til hagkvæmnisjónarmiða bæði varðandi uppbyggingu og rekstur.

Íbúar vilja geta bjargað sér sjálfir eins lengi og hægt er og var áhersla lögð á að Seltjarnarnesbær byggi upp heildstæða þjónustu fyrir þennan aldurshóp Nessins, byggða á þörfum hans. Þarfir þessa hóps eru þó ólíkar og því fyrst og fremst þörf fyrir blandaða þjónustu þar sem hjúkrunarheimili er hluti þess sem val stendur um.

Þátttakendur áttu sér þær óskir að hægt yrði að koma upp einhvers konar þjónustukjarna þar sem mismunandi þjónustustig verði samvinnuð. Þátttakendur töldu heppilegast að þessi þjónusta væri staðsett nálægt miðsvæði.



„Gera fólki kleift að vera heima sem lengst“.

Lykill

1. Þjónustuíbúðir fyrir aldraða – matur, föndur, leikfimi, húsvörður.
2. Þjónustuíbúðir; engin þjónusta – hnappur.
3. Grænt belti með tengsl á milli norður- og suðurstrandar.
4. Mögulegar lóðir fyrir heimili fyrir aldraða, s.s. þjónustuíbúðir, dvalarheimili og/eða hjúkrunarheimili.
5. Svæði sem aldraðir vilja búa á og geti nýtt.

8.2.12. Íþróttaaðstaða: „Heilsuræktarparadís“

Í umræðunni tóku þátt um 10 einstaklingar, nær allt karlmenn á aldrinum 30-50 ára. Talsmenn fótboltafélags og handboltafélags, líkamsræktarstöðvar og golfara voru í hópnum. Mestur tíminn fór í að ræða gervigrasvöll og æskilega staðsetningu, ljóst var að fulltrúar knattspyrnufélagsins höfðu mikið vægi í þeirri umræðu. Golfáhugamenn höfðu meiri áhuga á vestursvæðinu og því að efla það svæði í þágu golfíþróttarinnar. Hópurinn skilaði niðurstöðum sínum m.a. um mögulega staðsetningu gervigrasvallar.



Möguleg staðsetning gervigrasvallar

1. Hrólfsskálamelur.
2. Við Suðurströnd.
3. Valhúsahæð.

Vestursvæði

- A. Manngert svæði t.d. sparkvöllur og golfæfingasvæði 2-3 holur.
- B. Náttúrulegt svæði.

Nokkrar athugasemdir

- Mýrarhúsaskólalóð er of þröng.
- Íþróttahús er fullnýtt.
- Litli sparkvöllurinn við Való er mikið notaður.
- Golfvöllur er fullnýttur (420 manns í klúbbum).
- Vestursvæði er ekki valkostur fyrir gervigrasvöll því hann er of langt frá annarri þjónustu.
- Valhúsahæð er ómetanlegt svæði fyrir börn – mikið notuð.
- Líkamsrækt þarf að vera í a.m.k. 1000 m² húsnæði á 1. hæð.

Gervigrasvöllur

- Skoða í stærra samhengi, sérstaklega við yfirbyggðan völl.
- Nauðsynlegt að völlur sé nálægt skólum og íþróttaaðstöðu.
- Æskilegt að völlur sé í fullri stærð.

8.2.13. Ungmenni: "Hvar – hvert?"


Átta ungmenni úr 9. og 10. bekk Valhúsaskóla tóku þátt í skipulagshópi á þinginu. Hópurinn lagði megin áherslu á staðsetningu nýrrar félagsmiðstöðvar og grasvallar, bættar almenningsamgöngur auk þess sem margar hugmyndir komu fram varðandi nýtingu Eiðistorgs.

**Lykill**

1. Félagsmiðstöð fyrir unglunga og athvarf fyrir börn og unglunga sem eiga erfitt heima fyrir. Nokkrir spilakassar, borðtennis, billiard o.fl. – opið um helgar.
4. Græn lína = strætó no. 6.
5. Lítil aðstaða fyrir fótboltavöll.
6. Göngustígur að fótboltavelli.
7. Útivistarsvæði í miðjum skóla verði yfirbyggt.
8. Netkaffihús á Eiðistorgi og meiri fjölbreytni í verslunum.
9. Setja upp slá við innkeyrslu á körfuboltavöll. Hægt að loka fyrir virka daga.
10. Stækka körfuboltavöllinn.
11. Yfirbyggður gervigrasvöllur með búningaðstöðu.

8.2.14. Horft frá Valhúsaæð

Þessi hópur fór á Valhúsaæð og velti fyrir sér byggðinni í stærra samhengi. Þegar komið var til baka, settu þátttakendur hugmyndir sínar niður á blað. Meðal annars veltu þátttakendur staðsetningu hjúkrunarheimilis fyrir sér og hvar væri að finna minni reiti landrýmis þar sem hægt væri að byggja til að þétta byggð. Hrólfsskálamelur var einnig til skoðunar þar sem m.a. gætu komið íbúðir umhverfis aðlaðandi opið rými og/eða garð. Fáir voru í hópnum, aðeins þrjár auk arkitekts.

**Lykill**

1. Hjúkrunarheimili á 2 hæðum.
2. Valhúsaæð. Hópurinn tók ekki afstöðu til nota.
3. Nýr íþróttavöllur, yfirbyggður og flóðlýstur.
4. Nýjar íbúðir.
5. Ráðhús, fyrir ofan Bónus.
6. Íbúðir með aðlaðandi opnu rými og/eða garði í miðju.

8.2.15. Menning - saga: „Ráðgátur“

Fjöldi þátttakenda í hópnum var mjög mismunandi, þó voru fimm einstaklingar mjög tryggir málefniinu og höfðu margt til málanna að leggja. Í máli þeirra kom fram að Seltjarnarnesið er mjög ríkt af sögu. Eitthvað er eftir af sýnilegum minjum en meira er óáþreifanlegt. Auðvelt væri að gæða söguna lífi og tengja hana við landið með því að útbúa ýmiss konar fræðslufni, sem væri þá allt frá því að vera lítill bæklingur upp í lifandi safn. Þungamiðja fyrir fræðslu og upplýsingagjöf er að mati hópsins tvímælalaust best staðsett í Nesstofu. Lyfjasafn, lækningasafn og lyfjagarður er hluti af framtíðarsýninni, en þar yrði einnig miðstöð fræðslu um útræði og sjósókn Seltirninga, seinni tíma sögu, s.s. stríðsminjar og um náttúruna, ásamt veitingasölu. Þarna væri þá komin myndarleg og áhugaverð menningarmiðstöð.

Meðal atriða sem voru í umræðunni var að gefa út einfaldan bækling sem vísaði fólki á markverða staði og þar væri frekari upplýsinga að leita á fræðsluskiltum.

Einhverjir í hópnum vildu opna leiðina í Gróttu, þ.e. að húsunum og nýta þau betur, þó með þeim takmörkunum að virða fuglalífið og varp þeirra á vorin.

Af einstökum minjum sem nefndar voru má nefna svokallaða „byggjarða“, sem þyrfti að rannsaka hvað er, einnig þvergarðana sem liggja þvert yfir Nesið yfir Valhúsaæð og siglingavörðu á Suðurnesi. Saga sjósókna fylgir allri strönd Nessins en á miðhlutanum var búskapur og þar þjuggu ýmsir höfðingjar.

